

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MAÍ 2014

5. tbl. 21. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Nemendur og starfsmenn Fellaskóla unnu myndlistaverk á lóð skólans í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík sem efnt var til á dögunum. Verkið var unnið þannig að hver og einn nemandi og starfsmaður máluðu einn staf í grindverki í "sínur lit". Á myndinni má sjá nokkra nemendur með sinn lit og sína stafi. Nánar er sagt frá þessu á blaðsíðu tvö og rætt við Daníel Heiðar Guðjónsson list- og verkgreinakennara skólans.



Sveinsbakari
Hólagarði og Arnarbakka

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



PANTAÐU
Á NETINU
www.dominos.is sími 58-12345

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
Iceland

„Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

Allt sem skiptir máli um íbúðalán á landsbankinn.is/istuttumali

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Frábær tilboð

Nauta Rib-eye

Verð áður 4.549 kr./kg.

Verð núna 3.694 kr./kg.

Nauta Fillé

Verð áður 4.998 kr./kg.

Verð núna 3.998 kr./kg.

Nauta Innralæri

Verð áður 4.239 kr./kg.

Verð núna 3.179 kr./kg.

Heill Feskur Kjúklingur

Verð áður 1.149 kr./kg

Verð núna 898 kr./kg.

MS Hleðsla 330 ml

Verð áður 239 kr.

Verð núna 204 kr.

Frón Kremkex 260 gr

Verð áður 429 kr.

Verð núna 329 kr.

Þín verzlun
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

5. tbl. 21. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Litróf á heimavelli Fellaskóla



„Ég er þeirrar skoðunar að líta megi á grindverkið sem málverk sem er 1,3 m á hæð og 87,5 m að lengd,“ segir Daniel Heiðar Guðjónsson list- og verkgreinakennari í Fellaskóla í samtali við Breiðholtsblaðið.

Í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík unnu nemendur og starfsmenn Fellaskóla að myndlistaverk á skólalóð Fellaskóla þar sem hver og einn nemandi og starfsmaður málaði einn staf í grindverki í „sínunum lit“. Hver stafur er táknrænn geisli í litrófi okkar, mismunandi bylgjulengd af sama ljósi. Hver stafur stendur vörð um skólann og sterkir standa þeir saman. Verkið gerir tilraun til að tengja saman list og vísindi sem er grundvöllur í skólastarfi og tilveru okkar.

Breiðholtsblaðið hitti Daniel Heiðar Guðjónsson list- og verkgreinakennara í Fellaskóla að máli en hann átti hugmyndina að verkinu og bar hitann og þungan af skipulagi og framkvæmd verkefnisins. Að sögn Daníels má líta á myndlistaverkið Litróf sem sameiginlegt ljós allra í Fellaskóla sem

varpar geislum sínum bæði fram á veginn en endurkastast líka að skólanum, starfsfólki og nemendum sjálfum þar sem verkið hefur tvær megin hliðar, aðra úthverfa en hina innhverfa. „Það má líka horfa á þetta sem skúlptúr sem er síbreytilegur eftir því hvar skoðandinn er staddur í rýminu. Þetta verk er nú sameign okkar allra. Öll eigum við okkar hlut í því og það getur minnt okkur á hverju samvinna og þátttaka getur skilað okkur.“ Daniel segist ánægður með útkomuna og finnst vel hafa til tekist og segist halda að í sameiningu hafi skólasamfélagið skapað verk sem hefur gildi fyrir hvern og einn nemanda og starfsmann.

Allir 318 nemendur skólans máluðu sinn staf í þessu litrófi. Einnig máluðu 70 starfsmenn sinn staf eða nánast allir. Þetta gera samtals 388 málaðir stafir enda

Fellaskóli stór vinnustaður. Að sögn Daníels töldu sumir að mála ætti allt grindverkið en í grindverkinu öllu eru sjö hundruð stafir. „Með því að skilja 312 stafi eftir ómálaða,“ segir Daníel „verður til huglægt pláss fyrir þá sem hafa verið hér áður í skólanum og líka fyrir þá sem eiga eftir að koma hingað í skólann.“

„Við getum líka litið á verkið sem hyllingu sólar og vatns sem í samspili sínu mynda litróf. Mynda okkar sameiginlega fána sem regnboginn er, fána náttúrunnar. Táknmynd margbreytileika og fjölbreytni“ segir Daníel. „Fyrst og fremst er þetta táknmynd okkar allra hér í skólanum og þörf áminning um hversu fjölbreytt fólk er hér og með margbreytilegan bakgrunn“ segir Daníel að lokum.

Um hvað verður kosið?

Breiðhýltingar, Reykvíkingar og aðrir landsmenn kjósa til bæjar- og sveitarstjórna síðasta laugardag í maí. Sveitarstjórnarmál eru nokkuð ólík landsmálum að því leyti að mun minna svigrúm er til þess að beita hefðbundinni landsmálapólitík til þess að ná athygli kjósenda. Sveitarstjórnarmál snúast að mestu um ákveðna nærþjónustu við almenning og verkefni sveitarfélaga sem og tekjur þeirra og gjöld sem að mestu eru ákveðin með lagasetningum.

Öft móta staðbundin mál viðhorf fólks til sveitarstjórna og einstaklinga sem gefa kost á sér til sveitarstjórnarstarfa. Einna helst er það í Reykjavík sem landsmálafiðringur getur litað kosningar til borgarstjórnar þótt fleira komi þar við sögu. Þó hefur dregið úr áhrifum þeirrar menningararfleyfðar að undanförunu. Hinir hefðbundnu landsmálaflokkar vega ekki jafn þungt í borgarpólitíkinni og áður. Hið sama gildir um flest önnur bæjar- og sveitarfélög.

En um hvað kjósa Reykvíkingar að þessu sinni. Hvaða máefni koma til með að móta afstöðu þeirra til borgarmálaframboðanna. Ekki er að sjá að þar eigi mikil átök sér stað. Einkum virðist skipst á skoðunum um skipulagsmál og þéttingu byggðar. Á síðustu árum hafa önnur viðhorf í þeim málflokki rutt sér nokkuð til rúms og eiga að hluta uppruna sinn erlendis. Þau snúast um nýjan lífsstíl, að byggja borgir fremur inn á við en teygja þær stöðugt með nýjum úthverfum með tilheyrandi umferðamannvirkjum og vaxandi bílaumferð.

Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir þéttingu byggðar. Að byggt verði íbúðarhúsnæði á stöðum á borð við gömul iðnaðarhverfi og á óbyggðum svæðum einkum í miðborginni og vestur hluta hennar. Vissulega eru nokkuð skiptar skoðanir um aðalskipulagið og eflaust taka einhverjir afstöðu í kosningunum á grunni þess.

Framtíð Reykjavíkurflugvallar virðist ætla að verða helsta ásteytingarmál komandi kosninga. Hvort nota eigi flugvöllinn með lítið eða óbreyttu formi, hvort rýra eigi gildi hans eða loka honum til fulls innan tiltekins tíma. Nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir nýrri byggð í Vatnsmýrinni og vissulega er þar um verðmætt byggingarland að ræða. Hvernig sem atkvæði falla í borgarstjórnarkosningunum verður flugvallarmálið ekki leitt þar til lykta. Um stærra mál en svo er að ræða og fleiri þurfa að koma þar að.

Því er nokkuð ljóst að einkum verður kosið um áframhaldi þjónustu borgarinnar við borgarbúa þar sem áherslur framboðanna eru nokkuð líkar enda vart færi á öðru í ljósi þeirrar starfsumgjörðar sem sveitarfélögum er búin.







Pappír er ekki bara pappír

KATRIN pappírinn færð þú í Besta, Grensásvegi

- Katrin Plus – hágæða pappír fyrir heimili og sumarbústaði
- Vistvænn fyrir rotþrær

EasyFlush® frá KATRIN tryggir gæðin

BESTA – HREYFILSHÚSINU

Grensásvegi 18 | 108 Reykjavík
Sími: 510 0000 | www.besta.is



Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

GERÐU VEL VIÐ ÞIG

Kiktu við í nýjar verðslanir okkar
í Vesturbergi og Arnarbakka.



898 kr. stk.

BEN&JERRY ÍS
500 ML



498 kr. pk.

MAGNUM CLASSIC/WHITE/MINT
3 STK Í HVERJUM KASSA



288 kr.

SNÚÐUR OG
KÓKÓMJÓLK



498 kr.

DEEP PAN EÐA THIN & CRISPY PIZZA
OG 0,5 L KÓK



50% afsláttur

Á NAMMIBAR
LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

VIÐTALIÐ

Húsnæðismálin eru lykilmál

Fylgiskannanir fyrir komandi borgarstjórnarkosningar sýna mikinn stuðning við Dag B. Eggertsson formann borgarráðs Reykjavíkurborgar og borgarstjóraefni Samfylkingarinnar og virðast þær ná umtalsvert út fyrir raðir flokksins. Dagur kveðst þakklátur fyrir þann stuðning sem hann finni og viðurkennir fúslega að sem flestir borgarþúar greiði þeim atkvæði sitt í komandi kosningum. „Ég mun gera mitt allra besta til að standa undir því trausti sem mér er sýnt og það eru mikilvæg verkefni framundan,” segir Dagur. Dagur sem er læknir að mennt og er einnig fjögurra barna faðir, með tvö börn á leikskólaaldri og tvö börn í Austurbæjarskóla.

Þegar talið berst að verkefnum á döfinni í Breiðholti stendur ekki á svörum. „Við höfum staðið í stórræðum í Breiðholti allt kjörtímabilið. Við byrjuðum strax á því að setja sérstakar fjárveitingar í viðhald og verkefni sem setið höfðu á hakanum. Leiknisvæðið var klárað, íþróttahúsin við Seljaskóla og Austurberg voru tekin í gegn og afhent ÍR. Þar eru nú öflugustu heimavelliir landsins í handbolta og körfubolta og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Skólalóðirnar við Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla hafa verið teknar í gegn og kláraðar. Ég hvet alla Breiðhylltinga til að nota sér þær því þetta eru í raun ein fullkomnustu útivistar- og leiksvæði í borginni. Seljaskólalóðin er nánast eins og heilsuþorp með útilistaverkum og hreystibrautum. Við höfum líka verið að endurgera stíga og bæta aðstæður fyrir hjólreiðafólk. Við gerðum nýtt eimbað við Breiðholtslaug. Við höfum viljað rífa upp gamla verslunarkjarna sem sumir hafa staðið yfirgefnir og verið til skammar. Við erum að þróa Gerðuberg á mjög skemmtilegan hátt og vinnum nánar með Fjölbrautaskólanum í Breiðholti að ýmsum framfaraverkefnum, meðal annars við að bjóða hverfisbúum að bæta við sig menntun. Og þetta er aðeins það sem kemur upp í hugann sívona.“

Hækkandi fasteignaverð og Breiðholtið

Líklega hefur enginn verslun-



Dagur B. Eggertsson.

arkjarni verið í verra ástandi í Breiðholti en Fellagarðar. Dagur tekur undir það. „Við höfum lagt sérstaka áherslu á að taka til hendinni þar. Fyrsta stóra verkefnið var svo kallaður Fellastígur, þar sem arkitektateymi endurhannaði langa stíginn meðfram Unufellinu, m.a. í samvinnu við krakkana í Fellaskóla, sem nota stíginn og svæðið í kring hvað mest. Við leigðum okkur líka þarna inn í húsnæði sem hefur verið í lítilli notkun. Annars vegar settum við upp hátæknisetrið Fab Lab í samvinnu við FB og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Í síðustu viku gekk borgarráð svo frá öðrum leigusamningi sem þýðir að eitt framsæknasta listasafn landsins í einkaeigu, Nýlistasafn Reykjavíkur, flytur í Völvufellið, í kjallarann þar sem Breiðholtsbakarí var áður.“

Fjársfestar hafa séð tækifæri í Fellagörðum

„Með þessum fjársfestingum og leigusamningum viljum við senda þau skýru skilaboð að við höfum mikla trú á þessu hverfi, mikla

trú á því að skapa tækifæri fyrir ungt fólk í Breiðholti í samvinnu við Fjölbrautarskólann í Breiðholti og þau skilaboð að menning á heima alls staðar í borginni. Í sama tilgangi höfum við líka fengið listakonur til að vinna frábær verk á húsgafla. Ég veit að í kjölfar á þessum áherslum borgarinnar mun koma fjársfesting. Fjársfestar hafa þegar séð tækifæri í Fellagörðum. Fasteignir hafa þegar skipt um hendur og bygging nýrra íbúða er að hefjast. Í kjölfarið munu fleiri sjá tækifæri til að kaupa íbúðir á svæðinu í kring. Maður á auðvitað aldrei að spá um hluti eins og þróun fasteignaverðs en það að búa til kjarna lista- og sköpunar í Fellagörðum getur að mínu mati gengt lykilhlutverki við að gera svæðið eftirsóknarverðara fyrir stærri hóp. New York hefur SoHo. Reykjavík eignast BreiðHo.

Húsnæðismálin eru lykilmál

Húsnæðismálin eru að sögn Dags stærstu kosningamál Samfylkingarinnar fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. „Við leggjum

mikið upp úr húsnæðismálum. Það verða allir að hafa öruggt þak yfir höfuðið. Við viljum einnig auka fjölbreytnina en til þess þarf að byggja 2.500 til 3.000 leigu- og búseturéttaríbúðir á næstu árum og því viljum við koma í verk.“ Dagur segir mikilvægt að hugsa um borgina í heild þegar fjallað er um húsnæðismál. „Við þurfum líka að tryggja góðar almenningsamgöngur þar sem fólk býr því samgöngukostnaður vegur mjög þungt í útgjöldum heimila. Strætó þarf að vera raunhæfur kostur fyrir sem flesta og þess vegna þarf að bæta hann.“ Dagur segir að borgaryfirvöld þurfi að vera opinn fyrir nýrri hugsun í húsnæðismálunum. „Arkitekt úr Seljahverfi benti til dæmis á það í pósti til mín nýlega að ef við myndum gera fólk sem býr í stórum einbýlishúsum það hagstætt að leigja hluta húsnanna út frá sér væri hægt að slá margar flugur í einu höggi. Fjöldi nýrra leigubúða gæti aukist hratt. Fólk gæti búið lengur í húsunum sínum, þó það vilji minnka við sig og ung- ar fjölskyldur gætu leigt í grónum hverfum þar sem öll þjónusta er fyrir hendi. Seljahverfið gæti

„Reykjavík á að vera fyrirmyndarborg til að ala upp börn og úrvalsborg til að eldast. Við eigum að geta skapað spennandi framtíð fyrir nýjar kynslóðir þar sem gott er að reka fyrirtæki og börn eiga jöfn tækifæri óháð efnahag foreldra þeirra. Við höfum margt af þessu þegar og höfum lagt grunn að ennþá fleiru. Ég er því hjartsýnn á framhaldið og framtíðina og hlakka til að takast áfram á við verkefnið í borginni,” segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóraefni Samfylkingarinnar

verið gott dæmi um þetta. Þessi hugsun finnst mér spennandi og hvatinn gæti t.d. verið lægri skattar af leigutækjum í þeim tilvikum sem fólk er að leigja út frá sér.“

Mikil uppbygging miðsvæðis

Athygli vekur að kosningamiðstöð Samfylkingarinnar er einmitt staðsett í miðju mikilla framkvæmda, rétt fyrir ofan Hlemm, á mótum Brautarholts og Stórhólts. „Á þessu svæði sést hvernig áherslur í uppbyggingu og húsnæðismálum geta nýst til að gefa úr sér gengnum svæðum andlitslyftingu og draga til sín aukna þjónustu. Svæðinu í kringum Hlemm hefur til dæmis ekki veitt af andlitslyftingu og ég bind miklar vonir við að uppbygging þar í kring verði bæði mikilvæg viðbót við íbúðamarkaðinn og muni hafa mjög jákvæð áhrif á umhverfið, verslun og þjónustu,” útskýrir Dagur og segir jafnframt að á meðal þess sem Samfylkingin leggur áherslu á í húsnæðismálunum eru húsnæði á viðráðanlegu verði. Þá sé það afar mikilvægt að byggja upp góðan og

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

traustan leigumarkað. „Við teljum að borgin verði sérstaklega að beita sér fyrir því að umtalsverður hluti þeirra íbúða sem rísa muni á næstu árum fari á leigumarkað. Þannig getum við unnið gegn frekari hækkunum á húsnæðismarkaði og gert hann heilbrigðari. Þessu til viðbótar vitum við að uppbygging miðsvæðis bætir umferðarflæðið í borginni og dregur úr álagi á Miklubraut og Sæbraut. Það er mikilvægt fyrir lífsgæði þeirra sem búa austan við Elliðaár.”

Börnin í fyrirrúmi

„Málefni barnafjölskyldna er okkur að sjálfsögðu mjög ofarlega í huga. Við viljum passa upp á það að ekkert barn í Reykjavík þurfi að eiga það algerlega undir efnum fjölskyldnanna hvort það geti farið í íþróttir eða tónlist. Við viljum hækka frístundakortið þess vegna, auka systkinaafslætti. Þannig að við leggjum áherslu á Reykjavík fyrir alla”, segir Dagur og heldur áfram, „og svona talandi um Reykjavík fyrir alla þá er ég þeirrar skoðunar að aðstaðan í öllum hverfum borgarinnar þurfi að vera góð. Þetta á við um aðstöðu til íþróttar- og útivistar, almenningsbókasöfn og sundlaugar. Við verðum líka að passa að

enginn dragist aftur úr í gæðum skólastarfs eða annarri þjónustu. Þetta er mér metnaðarmál, og ég held að í þessum skilningi séu allir borgarbúar jafnaðarmenn. Borgarstjórn gerir best þegar hún styður við þann kraft sem býr í hverfunum sjálfum.”

Íþróttir í Breiðholti í mikilli sókn

Auk þess að klára framkvæmdir við svæði Leiknis hafa Reykjavíkurborg og ÍR aukið samstarf sitt verulega á kjörtímabilinu. „ÍR og Leikir eru að vinna mjög gott starf, eins og best sést af árangri þeirra. Og nú hafa þau tekið að sér aukin verkefni. Þannig hefur ÍR tekið við rekstri tveggja af stærstu íþróttahúsum borgarinnar, í Austurbergi og við Seljaskóla. Búið er að efla kvennaknattspyrnu með sam-

vinnu ÍR og Leiknis og sú sprenging sem orðið hefur í frjálsum íþróttum hjá ÍR var nýlega verðlaunuð með ákvörðun um að byggja upp fullkomið æfingarsvæði í frjálsum íþróttum á ÍR-svæðinu í Mjódd. Við höfum líka fylgst með því af áhuga að dansdeild ÍR og fimleikadeild ÍR eru að eflast af metnaði. Það skiptir miklu máli til að skapa gott samfélag að krakkarnir okkar eigi kost á góðu og innihaldsríku tómstundastarfi. Þar er skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts annað gott dæmi en hún er líka í mikilli sókn.“

Næstu ár geta orðið góð

Dagur segist hreykinn af því sem unnist hefur síðustu ár og hefur afar jákvæða framtíðarsýn. „Borgin hefur staðist stór og erfið próf á undanförunum árum. Okkur hefur tekist að sigla út úr umróti

og afleiðingum hrunsins. Þar eiga borgarbúar, fyrirtækin sem eftir standa og starfsfólk borgarinnar, ekki síst í skólum og velferð mikið hrós skilið. Í upphafi þessa kjörtímabils einhentum við okkur í að rétta við rekstur Orkuveitunnar sem stóð mjög tæpt. Við

höfum komið fjármálunum á lygnari sjó og eigum heildstæða og spennandi framtíðarsýn í nýju aðalskipulagi Reykjavíkur. Og þessi framtíðarsýn er græn. Við eigum að standa vörð um náttúruperlurnar okkar og grænu svæðin.”

Opið alla daga frá kl. 11 til 23.



Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza Sími: 557 1414



Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



TAX FREE

FLUGFARDEGAR FÁ VSK AF ÖLLUM GLERAUGUM

Reykjavík

GLERAUGNABÚÐIN

SÍMI 527 1515 MJÓDD GÖNGUGÖTU



AÐENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



NORRÆN SUMUR GERA KRÖFU UM HÁMARKS FRAMMISTÖÐU

Mundu: nagladekkinn af fyrir 15. apríl!

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt alls konar veður! Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða.

VELDU MARGVERÐLAUNUÐ NOKIAN GÆÐADEKK HJÁ MAXI

Mikið úrval fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

Finndu réttu dekkinn undir bílinn þinn!

Ný og betri heimasíða! **Skoðaðu MAXI.is**

Fáðu vaxtalaust kortalán eða 10% staðgreiðsluafslátt af dekkjum!

NÝ DEKKJALETTARVÉL Á MAXI.IS!

NOKIAN
FINNSK SUMAR- OG HEILSÁRSDEKK Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Reykjavík: Bildshöfða 5a Jafnaseli 6 Knarrarvogi 2
Hafnarfjörður: Dalshrauni 5
Aðalsímanúmer: **515 7190**
Opnunartími: Öll verkstæði opin virka daga kl. 8-17 Laugardaga: sjá MAXI.is

MAXI
BÍLAVAKTIN

Opið fyrir umsóknir í Heita pottinn



Í fyrra fengu margvísleg verkefni styrk úr sjóðnum. Hér er hópurinn samankominn við Breiðholtslaugina.

Hitt Húsið hefur opnað fyrir umsóknir í Heita Pottinn, verkefnasjóð sem hefur það að markmiði að virkja ungt fólk til uppbyggilegs starfs í nærumhverfi sínu, að efla hverfisvitund og stuðla að jákvæðri ímynd hverfisins. Umsækjendur verða að vera á aldrinum 16 til 25 ára og hafa lögheimili í Reykjavík.

Í fyrra fengu margvísleg verkefni styrk úr sjóðnum, meðal annars hélt Grísalappalísa tónleika í Mjóddinni, Swaggerific danshópur kom upp æfingaað-

stöðu og héldu sýningu í lok árs, BORG raftónleikaröð hafa verið með raftónleika víðs vegar um Breiðholtið, meðal annars í Breiðholtslauginni. Hægt er að sjá verkefni sem hafa hlotið styrk á þessu ári og þau sem fengu styrk í fyrra á www.facebook.com/heitipottur.

Umsóknarfrestur er til 31. maí og er tekið við umsóknum á www.hitthusid.is. Við hvetjum ungt fólk til að kynna sér sjóðinn og leggja inn hugmyndir að skapandi verkefnum í Breiðholti!

Nýló flytur í Breiðholtið

Ákveðið hefur verið að flytja Nýlistasafnið eða Nýló eins og það er jafnan kallað í Efra Breiðholtið. Borgarráð hefur gengið frá rammasamkomulag við safnið sem felur í sér að borgin framleigir safninu húsnæði við Völvufell í Breiðholti þar sem Breiðholtsbakari var til húsa til margra ára. Nýlistasafnið er nú til húsa við Skúlagötu í miðborg Reykjavíkur. Forsvarsmenn safnsins segja að húsnæðið, sem er í eigu Arion-banka og Frón kexverksmiðjan var til húsa á sínum tíma leki og leiguverðið hafi verið að sliga starfsemi.

Nýlistasafnið verður á næstu vikum flutt í hið nýja húsnæði í Efra Breiðholti. Þar verða verk í eigu safnsins varðveitt og sýnd. Jafnframt er leitað að nýju sýningarrými í miðbænum þannig að steint er að því að starfsemi verði á tveimur stöðum. Aðstandendur safnsins eru afar ánægðir með nýja rýmið og segja þetta ákveðna tilraunastarfsemi þar sem safneignin fái tækifæri á að vera lifandi vettvangur og ætlunin að vera með safneignarsýningar, leiðsagnir, fræðslu, rannsóknarsetur fyrir fólk. Þótt aðstandendur Nýlistasafnsins hafi talið ókleift að starfa áfram í húsnæðinu við Skúlagötuna er ekki um hreina tilviljun að ræða að flytja safnið í Efra-Breiðholt heldur er þetta hluti af því að efla mannlífið í byggðarlaginu sem má rekja til þess að Jón Gnarr borgarstjóri flutti skrifstofu sína tímabundið í Breiðholt. Nýlistasafnið á sér



Húsnæðið við Völvufell þar sem Guðmundur H. Guðmundsson og Vigfús Björnsson bökðu brauð og kökur forðum fyrir Fellabúa og aðra Breiðhyltinga mun nú hýsa Nýlistasafnið. Húsnæðið hefur staðið að mestu autt um tíma en í viðtali við Breiðholtsblaðið fyrir nokkrum kvaðst Guðmundur H. Guðmundsson vera að velta því fyrir sér hvort þetta geti hentað undir listastarfsemi og hugsanlega smáidnað og sprotastarfsemi. „Ég veit að margt fólk er að fást við eitt og annað bæði á sviði lista og annarrar starfsemi sem gæti nýtt sér þetta húsnæði,“ sagði Guðmundur í viðtalinu og nú hefur hann reynst sannspár.

langa sögu. Það var stofnað 1978. Stofnendur þess voru um tveir tugir ungra myndlistarmanna sem vildu eignast athvarf fyrir nýja strauma og stefnur í myndlist og verða sýningarvettvangur fyrir tilraunir í myndlist. Upprunalega var Nýlistasafnið til húsa í bakhúsi við Vatnastíg 3b þar sem SÚM hópurinn, Samtök ungra myndlistarmanna og Gallery SUM, hafði aðsetur og segja má að þar liggi rætur þess. Starfsemi safnsins var þar til húsa í 24 ár og gaf

Alþýðubankinn safninu það húsnæði. Árið 1979 flutti safnið í framhúsið við Vatnastíg 3 en árið 2006 flutti safnið sig svo um set aftur og var til húsa við Laugaveg 26 þar til í lok árs 2009 að það flutti í húsakynni við Skúlagötu 28 í Reykjavík. Með flutningi safnsins í Völvufell er stigið skref til þess að eigna þjónustu í Fellunum en áður var FAB LAB setrinu komið þar á fót af Reykjavíkurborg, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Fjölbrotaskólanum í Breiðholti.



GJALDFRJÁLS
LEIKSKÓLI, GRUNNSKÓLI
OG FRÍSTUNDAHEIMILI

HVERNIG VILT ÞÚ FORGANGSRÁÐA?

RAUNHÆF ÁÆTLUN TIL FJÖGURRA ÁRA:

- Borgin greiðir nú þegar 32 milljarða á ári (90%) en foreldrar 3 milljarða (10%) – stígum skrefið til fulls
- Hækkum framlög til skóla- og frístundasviðs um 750 m.kr á ári (0,9% af heildartekjum borgarsjóðs)
- Lækkum gjaldskrár um 25% á ári

Upprættum fátækt og misskiptingu í samfélaginu. Aukum ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna.

Kynntu þér málið á www.gjaldfrelsi.is ■ Finndu okkur á Facebook (Vinstri græn borg)

JÖFNUÐUR ER RÉTTLÆTI



Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

T&G Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Mjódd, erum í sama húsi og Íslandsbanki.



Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is




Þín verslun
Seljabraut



Settu þig í gírinn!

Allt til að gera góðan garð


SLÁTTUVÉLAR OG SLÁTTUÖRF
Á 20 % AFSLÆTTI



FÖSTUDAGAR ERU GRILLDAGAR Á SPÍRUNNI



TÚNPÖKUR, MOLD
OG KERRULEIGA



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Ný umferðarljós á Breiðholtsbraut



Unnið við uppsetningu hinna nýju umferðarljósa.

Ný umferðarljós voru sett upp á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Norðurfells hjá bensinstöð Skeljungs í lok apríl.

Búnaður í stjórnkössum var

endurnýjaður vegna tengingar við miðlæga stýringu umferðarljósa og einnig voru sett upp ný orkusparandi umferðarljós sem nota tífalt minni orku en gömlu ljósin.



Nemendur í Hólabrekkuskóla eru að vinna að framtíðarsýn í dönskutímum þessa dagana. Nemendur hafa frjálsar hendur með útfærslu verkefnisins og á kennari von á mörgum mismunandi skilaverkefnum. Drengirnir á myndinni eru að búa til tölvuleik sem sýnir þeirra sýn, sumir gera myndbönd, glærukyningar eða teiknimyndir.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Velheppnuð vorhátíð



Þétt setinn bekkurinn á vorhátíð Breiðholtsskóla.

Vorhátíð Breiðholtsskóla var haldin laugardaginn 17. maí og tókst gríðarlega vel, mikill fjöldi skólabarna og íbúa hverfisins mætti og allir skemmtu sér vel. Dagskráin var víðs vegar um skólann, í íþróttahúsi kynntu frjálsíþróttadeild og körfuknattleiksdeild starfsemi sína en ÍR var einnig með kynningu á knattspyrnu á fótboltavelli.

Skátafélagið Segull stóð fyrir ratleik á skólalóð og sykurlúðagrilli fyrir þá sem kláruðu leikinn. Veltibíllinn var gríðarlega vinsæll eins og alltaf og um 300 börn og fullorðnir prófuðu bílinn og fengu að kynna hversu mikilvæg öryggisbeltin eru. Eins og í fyrra var Dr. Bæk á staðnum, yfirlýf hjól og stillti hjálma fyrir gesti. Í hátíðarsal skólans var dagskrá en þar sýndi Hermann töfra maður töfrabrögð auk þess sem atriði voru frá nemendum Breiðholtsskóla, leikrit, mannlegur píramídi, stuttmyndir og Skrekksatriðið. Unglingarnir í skólanum gegndu lykilhlutverki í hátíðinni en þeir stóðu fyrir andlitsmálun, gerðu candyfloss og grilluðu og



Marta Guðjónsdóttir og Anna Sif Jónsdóttir búa sig undir að prufa veltibíllinn á vorhátíðinni

seldu pylsur. Foreldrafélag skólans stendur fyrir hátíðinni með dyggri hjálp skólustjóra, starfsmanna og kennara skólans auk þess sem nemendur uglingadeildar nota hátíðina í fjáröflunarskyni.

Hátíðin á sér dygga og ómetanlega bakhjarla sem eru Fiskbúð Hólmgeirs, Iceland, Landsbankinn og Tryggingamiðstöðin.

www.breidholt.is



Velkomin í Gróðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

- ✿ mikil úrval trjáa og runna, fjölærra plantna og hardgerra sumarblóma
- ✿ plönturnar í matjurtagarðinn
- ✿ mold, áburð, ker og potta
- ✿ góða þjónustu og faglega ráðgjöf



Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Næg bílastæði

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.

Við ætlum að taka til hendinni

- Við ætlum að lækka leigu og húsnæðisverð með auknu lóðaframboði.
- Við ætlum að efla heimaþjónustu eldri borgara og bjóða upp á aukið val um þjónustu.
- Við ætlum að breyta skólakerfinu og setja nemandann í fyrsta sæti.
- Við ætlum að stuðla að alvöru íbúasamráði, að hlustað sé á borgarbúa og óskir þeirra.
- Við ætlum að bæta þjónustu í hverfum borgarinnar og leyfa allri borginni að blómstra.
- Við ætlum að lækka skatta.
- Við ætlum að taka til hendinni, þrifa, slá grasið, sinna viðhaldi og hugsa vel um borgina okkar.
- Við ætlum að tryggja foreldrum val á milli dagvistunarleiða. Að fé fylgi barni hvort sem er að ræða þjónustu hjá dagforeldri, leikskóla eða nærfjölskyldu.
- Reykjavíkurlflugvöllur er í Vatnsmýrinni og verður um fyrirsjáanlega framtíð.

Kynntu þér öll stefnumálin okkar á xdreykjavik.is og kjóstu dásamlega Reykjavík



xD Dásamlega Reykjavík

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík

Fyrirtæki í Breiðholti taka þátt í íslenskuþorpinu



Íslenskuþorpið fékk til liðs við sig nokkur fyrirtæki og stofnanir í Breiðholti sem taka á móti nemendum og afgreiða á íslensku, þau eru: Bónus, Sjávarhöllin, 4Dot, Sveinbakari, Nana, Leiksport og Apótekið sem eru öll í Hólagarði, Hagabakari, Söluturninn Hraunberg, félagsmiðstöðin í Gerðubergi, Menningarmiðstöðin í Gerðubergi, Breiðholtslaug og Borgarbókasafnið í Gerðubergi.

Í Gerðubergi hefur verið boðið upp á nýstárleg íslenskunámskeið þar sem innflytjendum í Breiðholti gefst kostur á skemmtilegri íslenskukennslu í samskiptum á íslensku fyrir útlendinga. Íslenskuþorpið fékk til liðs við sig nokkur fyrirtæki og stofnanir í Breiðholti til þess að taka á móti nemendum og afgreiða á íslensku. Öll fyrirtækin tóku mjög vel í að vera með í verkefninu og hefur samstarfið gengið vonum framár.

Í þáttökufyrirtækjunum hafa nemendur sinnt erindum sínum á íslensku um leið og þeir vinna ákveðin verkefni. Það er mikilvægt að hafa eins mikla breidd og hægt er þegar kemur að vali á þáttökufyrirtækjum í tungumálaþorp. Í Breiðholti eru fyrirtæki og þjónustuaðilar innan seilingar sem henta einkar vel til samskipta á íslensku, allt frá því að kaupa fisk í fiskbúð og fá bækur lánaðar á bókasafni upp í samskipti við eldri borgara í félagsmiðstöðinni í Gerðubergi svo eitthvað sé nefnt. Íslenskuþorpið er ekki eingöngu hópur af fyrirtækjum sem bjóða upp á þá þjónustu að afgreiða á íslensku og sýna þolinmæði og vinsemd í samskiptum heldur einnig markvisst og sérsníðið æfingaumhverfi. Nemendur vinna ýmis rannsóknar- og lausnaverkefni eftir ákveðnu kennslufræðilegu ferli. Verkefni leysa nemendur í kennslustofunni, heima og í íslenskuþorpinu þar sem unnið er markvisst að því að styrkja nemandann í samskiptum á íslensku.

Fræðilegur grunnur verkefnisins

Fræðilegur grunnur Íslenskuþorpsins byggir á doktorsrannsókn Guðrúnar Theodórsdóttur (2010) um máltileikun íslensku sem annars máls við raunverulegar aðstæður utan kennslustofunnar. Heiti doktorsritgerðarinnar er: Conversations in Second Language Icelandic: Language Learning in Real-Life Environments. Rannsóknargögnin eru upptök af raunverulegum samtölum Önnu, nemandi frá Kanada, utan kennslustofunnar sem spanna þrjú ára tímabil. Anna reynir strax að taka þátt í samskiptum á íslensku í daglegu lífi sínu. Hún beitir markvissum aðferðum við að tvíanna saman hversdagsleg erindi og íslenskunám, m.ö.o. hún nýtir sér tækifæri sem gefast til að læra íslensku um leið og hún sinnir daglegum erindum sínum.

Aðferðir Önnu hafa verið nýttar til að undirbúa erlenda nemendur fyrir þáttöku í Íslenskuþorpinu. Kennslufræði Þorpsins og námsefni byggja þannig á nýjum rannsóknum í annarsmálsfræðum sem sýna að málnotkun er forsenda máltileikunar. Það er því afar mikilvægt að byrja að tala málið eins fljótt og hægt er og helst við raunverulegar aðstæður.

Góðar móttökur í fyrirtækjum í Breiðholti

Starfsfólk þáttökufyrirtækja í Breiðholti hefur sannarlega tekið vel á móti nemendum Íslenskuþorpsins, sýnt þolinmæði og velvilja. Í öllum könnunum sem gerðar hafa verið um gildi Íslenskuþorpsins kemur skýrt fram hjá nemendum hve mikilvægt það er að fá jákvæðar móttökur í þáttökufyrirtækjunum en það eykur sjálstraustið í samskiptunum og virkar hvetjandi í tungumálanáminu.

Samskiptin í Íslenskuþorpinu eru því afar mikilvægur vettvangur til að læra íslensku auk þess sem búast má við því að þau verði til þess að minnka fordóma og auka gagnkvæman skilning í fjölbjóðlegu samfélagi á Íslandi. Í haust munu Mímir símenntun og Menntun núna halda áfram að bjóða upp á íslenskunámskeið í Gerðubergi. Við óskum hér með eftir áhugasömum aðilum sem hafa áhuga á að taka þátt í tungumálaævintýrinu með okkur á: islskuthorpid@islskuthorpid.is, og menntun-nuna@reykjavik.is.

Komið til móts við brýna þörf

Með Íslenskuþorpinu er komið til móts við brýna þörf þeirra sem eru að læra íslensku og leita eftir samskiptum við innfædda til að auka færni sína. Erlendir íslenskunemar fá ekki mörg tækifæri til að nota nýja málið við daglegar aðstæður í samfélaginu. Ástæðurnar eru margvíslegar, nefna má að enskukunnátta er almenn meðal Íslendinga og þeir skipta gjarnan yfir í ensku þegar útlendingar reyna að tala við þá íslensku. Það getur því reynst erfitt fyrir íslenskunemana að finna réttar aðstæður til að eiga samskipti við Íslendinga úti í samfélaginu.

Íslenskuþorpið hlaut menntaviðurkenninguna Evrópumerkið 2014. Þessi viðurkenning er veitt fyrir árangursríka nýbreytni og frumleika í tungumálakennslu og tungumálanámi.

Hvað finnst þátttakendum um Íslenskunámið - hvernig fannst þér námskeiðið?

Þátttakendur á íslenskunámskeiði Íslenskuþorpsins fyrir albönskumælandi fólk voru spurð um hvað þeim fyndist um námskeiðið. Svörin eru bæði birt á íslensku og albönsku til þess að sýna hversu ólík tungumál er um að ræða.



Majlinda

Majlinda:
Íslenska

Mér fannst mjög gaman að læra íslensku á námskeiðinu. Ég hefði sérstaklega gaman að málfræðinni. Mér fannst erfitt að læra á klukkuna.

Albanska/Shqip

U kënaga shumë të mësoj islandisht në kurs. Më pëlqeu veçanërisht të mësoj gramatikën. M'u duk e vështirë të mësoja orën.



Elheme

Elheme:
Íslenska

Mér fannst skemmtilegt á námskeiðinu. Ég lærði mikið á því að lesa íslenskar bækur og vinna verkefni. Mér fannst erfðast að læra um veðrið á íslensku en það eru til svo mörg orð yfir t.d. snjó.

Albanska/Shqip

Unë u argëtova shume në kurs. Mësova shumë si të lexoj libër islandisht dhe ushtrhem në të. E pata të vështirë të mësoj motin/kohën islandisht.

Shefkije:

Íslenska

Mér fannst skemmtilegt að læra íslensku. Námskeiðið var frábært en það var líka erfitt og sérstaklega að skrifa íslensku. Mér fannst gaman að læra á klukkuna, fara á bókasafnið og lesa bækur. Ég hafði líka gaman að því að hlusta á tónlist og læra textana. Mér fannst gaman að fara í Hólagarð og æfa mig í íslensku.

Albanska/Shqip

Ishte argëtuese të mësoj islandisht. Kursi ishte i mrekullueshëm, edhe pse i vështirë të shkrueshëm, edhe pse i vështirë të shkrueshëm, edhe pse i vështirë të shkrueshëm.



Shefkije

islandisht. Më pëlqeu të mësoj orën, të shkoj në bibliotekë dhe lexoj libra. U kënaga të dëgjoj muzikë e mësoj tekste këngësh. U kënaga të ushtrij islandishten time në Hólagarð.



Mervet

Mervet:
Íslenska

Mér fannst frábært á námskeiðinu. Ég hafði mjög gaman að því að læra málfræðina en mér fannst hún líka það erfðasta á námskeiðinu.

Albanska/Shqip

M'u duk i mrekullueshëm ky kurs. Unë u kënaga shumë të mësoj gramatikë, edhe pse ajo m'u duk pjesa më e vështirë e kursit njëkohësisht.



Ermal

Ermal:
Íslenska

Mér fannst námskeiðið frábært. Mér fannst skemmtilegt að læra dagana og um veðrið. Mér fannst mjög gaman að fara á listasýningu og í sjoppuna og æfa mig að tala íslensku. Erfðast var að lesa íslenska texta.

Albanska/Shqip

Kursi ishte i mrekullueshëm. Ishte argëtuese të mësoja ditët e javës dhe motin/kohën. U kënaga shumë të vizitij ekspozita arti dhe të shkoj në shitore të ushtrij islandishten time. M'u duk e vështirë të lexoj tekst islandez.



Zade

Zade:

Íslenska

Mér fannst skemmtilegt á námskeiðinu. Ég hafði gaman að því að læra á klukkuna. Það var mikið efni sem við þurftum að læra og það var oft erfitt.

Albanska/Shqip

Kursi m'u duk argëtues. Unë u kënaga shumë të mësoj orën. Kishim shumë material për të mësuar dhe kjo m'u duk e vështirë.



Bahrija


Bahrija:

Íslenska

Mér fannst skemmtilegt á námskeiðinu og mjög gaman og gott að læra um veðrið. Við lærðum mikið á námskeiðinu.

Albanska/Shqip

Kursi m'u duk argëtues. Ishte shumë mirë dhe kënaqësi të mësoh mbi motin/kohën. Ne mësuam shumë në kurs.



Valon

Valon:

Íslenska

Mér fannst námskeiðið frábært. Mér fannst skemmtilegt að lesa íslenska texta og vinna verkefni við þá. Málfræðin var erfð og erfitt að læra hana.

Albanska/Shqip

Kursi ishte i mrekullueshëm. Ishte argëtuese te lexosh tekste islandisht dhe ushtrhesh në to. Gramatika ishte e vështirë dhe jo e lehtë t'a mësoh atë.

SUMAR 2014

Sumarfrístund fyrir 6-9 ára (f. '04-'07)

Heildags- og hálf dags námskeið í frístundaheimili þar sem tekist er á við bæði fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni. Skráning er fyrir viku í senn.



Sköpun, smíðar og útivist 8-12 ára (f. '01-'04)

Skemmtileg og skapandi námskeið þar sem boðið er upp á útinám, tálgun og smíðar þar sem náttúran er efniviður og verkefni við hæfi hvers og eins.



Smiðjur fyrir 10-12 ára (f. '01-'03)

Boðið uppá fjölbreytt og skemmtileg heilds dags- og hálf dags námskeið, skráning fyrir hvern dag fyrir sig.



Félagssmiðstöðvar opnun
8. bekkur (f. '00) opið starf á
mán- og miðvikudögum
8. – 10. bekkur opið á mán – og
miðvikud.kvöldum frá kl. 20 - 23



Fjölbreytt sumarstarf og námskeið

Á www.sumar.itr.is eru upplýsingar um fjölbreytt og spennandi námskeið í Breiðholti. Allir ættu að finna skemmtileg viðfangsefni í sumar. Einnig bendum við á Facebook síðu okkar: Frístundamiðstöðin Miðberg



MIDBERG

Breiðholtsleikar í félagsmiðstöðvunum í Breiðholti



Margvíslega búninga mátti sjá á hinni sívinsælu dragkeppni.

Hinir árlegu Breiðholtsleikar voru haldnir dagana 12-16. maí í félagsmiðstöðvunum Bakkanum, Hólmaseli og Hundrað&ellefu í Breiðholti. Keppt var í óhefubundnum íþróttagreinum auk þess sem var keppt í innanhúsfótbolta. Mánudagskvöldið 12. maí, var haldinn Breiðholtsvikingurinn í Hólmaseli þar sem félagsmiðstöðvarnar mættu galvaskar og öttu kappi í nokkrum hressum kraftakeppnum.

Á þriðjudagskvöldinu var keppt í svokölluðum skrifstofuleikum

í Hundrað&ellefu. Þar kepptust ungmennin við að fleygja skutlum, fóru í músabocchia og þreyttu loks hraðabraut í skrifstofustólarally. Á miðvikudagskvöldinu var svo keppt í innanhúsfótbolta auk þess sem lagður var dúkur á sparkvöllinn og keppt var í sápubandý. Sápuvöllurinn er alltaf jafn vinsæll og finnst unglíngunum fátt skemmtilegra en að taka tryllinginn á rennblautum og glerhálum sápuvellingum. Þessari viku er svo alltaf slúttáð með hinni sívinsælu dragkeppni.

Þar taka starfsmenn líka þátt og var því mikið um glamúr og gleði þetta föstudagskvöldið. Alls voru 18 keppendur frá unglíngunum að þessu sinni í draginu og alltaf er jafn gaman að sjá hversu margir taka þátt af báðum kynjum. Svo fór að félagsmiðstöðin Hundrað&ellefu bar sigur úr býtum, en samanlögð stig keppnisgreina vikkunar telja. Unglíngarnir eiga hrós skilið fyrir dugnað sinn og eljusemi þessa vikuna, en án þeirra væri þessi keppni ekki neitt.

www.breidholt.is

VILTU KOMAST AÐEINS ÚT ÚR BÆNUM?



Lífræna Systrasamlagskaffið með lífrænni mjólk. Borið fram í niðurbjótanlegum umbúðum. Það gerist ekki betra!



Nærandi sálarfæða Systrasamlagsins; samlokur, þeytingar, skot, croissant og margt fleira.



Sápurar frá Dr. Bronner eru 100% náttúrulegar, lífrænar, ilma dásamlega, fair trade og henta allri fjölskyldunni.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Við sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367



AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16



Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra afhendir Seljaskólakrökkunum bikar að lokinni keppni.

Seljaskóli í þriðja sæti í skólahreysti

Seljaskóli komst í úrslit í Skólahreysti í fyrsta skipti í sögunni í ár. Þau Arnþór Daði Jónsson, Birna Aradóttir, Viktoría Sif Haraldsdóttir og Daniel Orri Ómarsson gerðu sér lítið fyrir og hrepptu þriðja sætið.

Heiðarskóli úr Reykjanæsbæ bar sigur úr býtum eftir spennandi úrslitakeppni í Laugardalshöll þar sem tólf bestu skólar mættust í úrslitum og hefur keppnin sjaldan verið eins jöfn og hörð og ljóst er

að mikil áhersla hefur verið lögð á æfingar í skólunum. Holtaskóli úr Reykjanæsbæ tryggði sér annað sætið með góðum endaspretti og Seljaskóli varð í þriðja sæti í sinni fyrstu úrslitakeppni. Aðrir sem tóku þátt í úrslitum voru Fellaskóli í Fellabæ, Grundaskóli, Grunnskólinn á Þingeyri, Hvolsskóli, Lágafellsskóli, Síðuskóli, Valhúsaskóli, Vallaskóli og Varmahlíðarskóli.

Landsbankinn er aðal styrktaraðili Skólahreysti.

Sumarhátið

Verður í húsi
Hjálpræðishersins í Mjódd
24.maí frá kl.14-17

Andlitsmálning fyrir börn

Veitingar

Lífandi tónlist



★ www.tattoo.is ★

CLASSIC TATTOO
REYKJAVÍK

Opíð 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga

★ tattoo@tattoo.is ★

Arnarþakki 2

simi: 7722171

BÚUM TIL BETRI BORG FYRIR ALLA



FRAMSÓKN
og **FLUGVALLARVINIR**



- Við styrkjum úthverfin og virkjum raunverulegt íbúalýðræði. Við hlustum.
- Skólakerfið þarf á okkur að halda, forgangsröðum peningum í menntun.
- Eldri borgarar fá 20.000 króna frístundakort.
- Endurskoðum samþykkt aðalskipulag og forðumst steinklumpaásýnd borgarinnar.
- Forðumst skipulagsmistök á hafnarbakkanum og í Laugardalnum..
- Lækkum leiguverð, fjölgum félagslegum og almennum íbúðum. Aukum lóðarframboð.
- Við virðum vilja 70% Reykjavíkinga sem vilja flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.
- Kynnið ykkur nánar málið á facebooksíðu Framsóknar og flugvallarvina.



Jón Gnarr borgarstjóri með rusl sem varð á vegi hans í Breiðholti.

Jón Gnarr tindi rusl í Breiðholti

Jón Gnarr borgarstjóri tók þátt í ruslatínsludegi Reykjavíkurborgar á dögunum. Hann hvatti borgarstarfsmenn til að taka þátt í átakinu og fór hann sjálfur ásamt hópi starfsfólks af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að hreinsa upp rusl í Breiðholti. Starfsfólk frá ýmsum sviðum var skipt niður í hópa sem fóru um þrettán svæði í borginni. Fólk lét ekki sudda og rigningu á sig fá heldur klæddu sig eftir veðri og hirtu upp rusl sem víða má sjá á opnum svæðum og við akbrautir í borginni.

Hóparnir voru að störfum í tvo klukkutíma og þegar upp var staðið var búið að safna í 200 svarta

ruslapoka sem er gott dagsverk. Mikið var um plastumbúðir, drykkjarmál, sigarettupakka og sigarettustubba, alls kyns umbúðir og pappírusrusl. Meðal skringilegra hluta sem voru hreinsaðir burt úr borgarlandinu voru eldavel og reiðhjól.

Helgina 10. til 11. maí hófst almennt hreinsunaráttak í borginni og voru íbúar og fyrirtæki hvött til að taka til hendinni og hreinsa í nærumhverfi sínu til að borgin verði skínandi fín í sumar. Ólís styrkti átakið með því að gefa svarta plastpoka undir rusl en hreinsunardeild borgarinnar safnaði pokunum saman.

Leví stóð sig frábærlega

Leví úr félagsmiðstöðinni Hundrað&ellefu stóð sig frábærlega fyrir hönd Breiðholts og lenti í 2. sæti eftir harða keppni við önnur 19 atriði á Reykjavík Got Talent haldið var í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 2. maí. Þetta er hæfileikakeppni fyrir unglunga á aldrinum 13 til 16 ára en til þess að vera gjaldgengur í keppnina þurftu þau að fara í gegnum undankeppni í sinni félagsmiðstöð.

Keppnin er byggð á Breiðholt Got Talent sem hefur slegið í gegn hjá unglungum í Breiðholti í nokkur ár. Nafnið og hugmyndin er byggð á Britain's Got Talent en útfærslan er með öðru sniði og fá áhorfendur í sal til að mynda að kjósa um besta atriðið. Unglingar og starfsmenn félagsmiðstöðva í Reykjavík skiptu með sér hlutverkum og voru starfsmenn í hlutverkum dómara á meðan



Leví á sviðinu í Ráðhúsinu.

unglingarnir sáu um að kynna atriðin fyrir jafnöldrum sínum. Reykjavík Got Talent var hluti af Barnameningarhátíð. Mætingin var frábær, Ráðhús Reykjavíkur var troðfullt af hæfileikaríkum

keppendum og spennnum áhorfendum frá kl.19:30 til 22:30. „Við erum fullviss um að Leví verði stórstjarna í framtíðinni,“ segja aðstandendur Hundrað&ellefu.

Sýningin Vor í Breiðholti

Halla Birgisdóttir sýnir um þessar mundir í unglíngaganginum á annarri hæð Breiðholtskóla og ber sýningin titilinn Vor í Breiðholti.

Halla Birgisdóttir útskrifaðist með BA-gráðu frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2013 og er þetta önnur einkasýning hennar eftir útskrift. Listsköpun hennar er rannsakandi

athöfn, gerð til þess að reyna að skilja ýmis umhugsunarefni. Það eru raddir mynda hennar, raddir texta, rödd listamannsins og raddir lesenda/áhorfanda sem mætast og mynda snertifleti sem skapa verkin. Hún vinnur á mörkum myndlistar og skáldskapar og í þetta sinn beinir hún sjónum að hinu þekktu byggðarlagi Reykjavíkur, Breiðholti. Hún

skapar brotakennt sögurými þar sem að hún notar hverfið sem sögusvið fyrir örsögur sem finna má í hverri teikningu hennar fyrir sig. Sýningin stendur til 31. maí og er opin alla virka daga frá kl. 08 til 18 og um helgar frá 14 til 18. Verkefnið er styrkt af Heita Potts sjóði Hins Hússins og Reykjavíkurborgar.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

borgarblod@simnet.is

Fixa snyrti- og fótaaðgerðastofa

20% kynningarafsláttur til 15. júní gegn framvísun auglýsingarinnar

Tímamantanir í síma 849-9620



Parabakki 3, Mjódd,
gegnið inn hjá Curves líkamsæktarstöð
Sími: 849-9620

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulúðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnir

Leggjum áherslu á flugvöllinn, húsnæðis- og skólamála

Sveinbjörg Birna Sveinbjarnardóttir, Greta Björg Egilsdóttir og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir skipa þrjú efstu sætin á framboðslista Framsóknarfólks og flugvallarvina fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík. „Nei – þetta er ekki kvennaframboð þótt við séum hérna,“ segja þær einum rómi þegar tíðindamaður hittir þær á dögnum. Þetta er framboð jafnréttis því við erum jafnmörg konur og karlar á þessum lista. En hver eru stóru málin í þessum kosningum. Hverju vilja þær breyta í málefnum Reykjavíkurborgar?

„Við leggjum mikla áherslu á að skipulagi Reykjavíkurborgar verði breytt og staða flugvallarins í Vatnsmýrinni verði tryggð til frambúðar. Að okkar mati er fráleitt að ætla að leggja flugvöllinn niður og flytja innanlandsflugið og aðra starfsemi sem er á Reykjavíkurlugvelli til Keflavíkur eða eitthvað annað. Í því fellst ekkert annað en skammsýni.“ Þær segja marga vinkla á flugvallarmálinu og varpa verði ljósi á flesta þeirra. „Við getum bent á öryggismálin. Hversu mikið öryggi það er fyrir borgarbúa, landsbyggðarfólk og jafnvel farþega sem eru að koma með flugi erlendis frá að hafa Reykjavíkurlugvöll því hann virkar sem vara- og öryggisflugvöllur fyrir Keflavíkurlugvöll. Ætlum við með varaflygsvöllinn til Egilstaða eða jafnvel til Glasgow. Von að spurt sé. Aðgangur að heilbrigðisþjónustunni tengist öryggismálunum vegna þess að sjúkraflug lendir að meðaltali á 18 klukkustunda fresti þegar lendingarnar eru teknar saman á ársgrundvelli. Hvert vilja menn fara með sjúkraflugið. Til Keflavíkur og aka svo í klukkutíma með veikt fólk eða slasað. Annar vinkill eru ferðamálin og uppbygging ferðapjónustunnar í Reykjavík og út um land og síðast en ekki síst sú staðreynd að um 70% borgarbúa vilja samkvæmt könnunum hafa flugvöllinn áfram og með óbreyttu sniði.“

Djúpt á fast í Vatnsmýrinni

Sveinbjörg, Greta og Guðfinna segja að

aðalskipulagið gangi út á mikla þéttingu byggðar. Allt að 90% af nýbyggingum á þessu tímabili eigi samkvæmt því að verða innan núverandi byggða. Þar séu svæði á borð við flugvallarsvæðið með í myndinni, einnig Miðborgin, gamla höfnin og Elliðavogurinn. Þær segja að fram hafi komið að stefnt sé að byggingu um 700 íbúða á ári fram til 2030 sem þýðir allt að 14 þúsund íbúðir á tveggja áratuga tímabili. „Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að tveir þriðju hlutar þessara íbúða verði byggðar á þeim svæðum sem við nefndum. Ut frá því má spyrja um hverskonar byggingaland sé að ræða í Vatnsmýrinni. „Þar er mjög djúpt á fastan jarðveg og hann einnig undir sjávarmáli. Því er fráleitt að hugsa sér að þar verði um ódýrar byggingalóðir að ræða. Og þá má aftur spyrja hvernig byggja eigi ódýrt á dýrum lóðum. Byggja íbúðir sem ungt fólk og jafnvel námsmenn ráði við að festa kaup á.“

Vafasamt að borgin hagnist á lóðasölu á flugvallarsvæðinu

Annað mál sem þær segja að taka verði á eru húsnæðismálin. Fólk hafist við í ólöglegu húsnæði út um allan bæ. Borgin verði vissulega að sjá um félagslegt húsnæði. Borgin sé hins vegar ekki að byggja hús heldur fasteignafélög og aðrir einkaaðilar. Borgin geti ekki komið inn í frjálsa byggingastarfsemi nema þá með því að kaupa íbúðir á frjálsum markaði. Tæpast sé hægt að skylda byggingaaðila til þess að byggja félagslegt húsnæði. Íbúðir sem byggðar eru í hagnaðarskini.

Þarf að skipuleggja ný úthverfi

Eitt af því sem þær Sveinbjörg, Greta og Guðfinna telja að verði að gera er að ljúka við Úlfarsárdalinn og skipuleggja síðan og hefja uppbyggingu nýrra úthverfa og benda á að nægt landrými sé fyrir hendi. En ef dreifa á byggðinni frekar í stað þéttingar hvernig vilja þær leysa samgöngumálin. „Við erum ekki á móti því að fólk



Sveinbjörg Birna Sveinbjarnardóttir.

hjóli og sjálfsagt að greiða fyrir þeim samgöngumáta. Samgöngur sem byggjast á göngu og hjólreiðum eiga að fá aukið vægi en það má hins vegar ekki verða á kostnað fjölskyldufarartækisins sem er einkabíllinn. Við viljum benda á að fólk vill geta farið á staði þar sem það getur fengið alla þjónustu á einum stað og fer því í verslunarkjarna þótt þeir liggi að hluta utan íbúa byggða og þéttra svæða. Staðreyndin er sú að margt fólk kys þann lífsmáta hvað sem hver segir og við þarf að bregðast. Engu að síður teljum að eitt og annað megi gera til þess að draga úr akstri. Það má meðal annars gera með að kenna krökkum að nota Strætó í stað þess að skutla þeim og auka

frístundaakstur í almenningssamgöngu-kerfinu. Við viljum einnig opna fyrir þann möguleika að samnýta frístundakort á milli systkina og taka upp frístundakort fyrir eldri borgara.“

Stórátak til að bæta lestrarkunnáttu

Lesturinn berst í tal og skortur á lestrargetu ungs fólks. „Því miður er farið að bera á bágrri lestrarkunnáttu krakka og ungmenna. Við viljum gera stórátak inna alls grunnskólans til að bæta árangur í lestri. Krakkarnir þurfa að æfa sig á hverjum degi. Það þýðir ekki að vera með stopula lestrarkennslu. Svo þarf að tala við krakkana en ekki eingöngu að þylja yfir þeim. Við viljum forgangsráða fjármunum í þessu efni. Tvítungd börn þurfi að fá meiri stuðning. Það er ofhlaðið í bekk. Einn kennari dugar ekki ef þrjú börn er með sérþarfir í 28 mannbekki.“

Fjölnota íþróttahús á ÍR svæðinu

Að lokum. Sífellt þarf að huga að íþróttamálum og aðstöðu íþróttafélaga. Sveinbjörg, Greta og Guðfinna segja Reykjavíkurborg langt á efir nágrannasveitarfélögum og ýmsum öðrum sveitarfélögum í þeim efnum. „Reykjavíkurborg vantar yfirbyggt knattspyrnuhús. Og þá er spurning um hvar það eigi að rísa. Það þarf að vera miðsvæði í borginni. Spurning er um hvort réttlætlegt sé að byggja frjálsíþróttavöll á ÍR svæðinu í Breiðholti þótt ÍR sé öflugt frjálsíþróttafélag. Að okkar dómi er spurningin miklu fremur um hvort þar sé ekki staður fyrir fjölnota íþróttahús. Vissulega hefur ÍR sem er eitt elsta íþróttafélag Reykjavíkur setið á hakanum en okkur finnst að ákveða þurfi þetta í samráði við íbúa Breiðholtsins. Spyrja þá hvort þeir vilji bara fá frjálsíþróttavöll eða hvort þeir vilji alvöru fjölnota íþróttahús.“

Miðborgarstemning á UNO - matur og vín á góðri stundu

Certificate of Excellence
2014 Winner
Limo

UNO cucina italiana
Hafnarstræti 1-3
101 Reykjavík
Sími 561 1313
Netfang uno@uno.is
Borðapantar í síma 561 1313

Kokkarnir á UNO kunna svo sannarlega að færa íslenskt úrvalshráefni í miðjarðarhafsþýning og þessi notalegi veitingastaður í hjarta borgarinnar skapar fallega umgjörð fyrir stefnumót og góðra vina fundi. Glas af prosecco gleður á undan máltíð sem svíkur engan, enda UNO búinn að skipa sér í fremstu röð veitingahúsa í Reykjavík.



Eldhúsið er opið
17:00 til 23:00 sunnudaga til fimmtudaga
17:00 til 00:00 föstudaga og laugardaga



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

MASI MODELLO BLANCO
- Ítalía - Veneto
Ljósífrónugull. Létt meðalfylling, þurr, fersk sýra. Ljós ávöxtur, sítrus.

PICCINI MEMORO BLANCO
- Ítalía - 4 þrúgur frá 4jum hornum Ítalíu
Strágull. Meðalfylling, þurr, fersk sýra. Ljós ávöxtur, pera, eik, hunang.

Skelfisk- og saffranrisotto

Saffran risotto, hörpuskel, humar, kræklingur, grænar ertur, tómatur.

Suðrænt og seiðandi

Það falla margir fyrir gula saffran-risottoinu sem er fullt af hörpuskel, humri og krækling. Grænar ertur og tómatar gefa enn meiri lit í þennan fallega rétt. Ískalt Pinot Grigio frá Montalto er ómissandi með.



„Það er afar brýnt af efla til muna leiguíbúðamarkaðinn í borginni“

-segja þær Sóley Tómasdóttir og Líf Magneudóttir sem leiða lista VG í Reykjavík

Sóley Tómasdóttir, Líf Magneudóttir og Elín Oddný Sigurðardóttir leiða lista Vinstri hreyfingarinnar, græns framboðs í Reykjavík en 4. sætið skipar Hermann Valsson. Sóley hefur setið í borgarstjórn á yfirstandandi kjörtímabili sem eini fulltrúi Vinstri grænna.

Í stefnuskrá VG segir m.a. um kvenfrelsi og mannréttindi að allir borgarþáttar eigi að geta tekið virkan þátt í samfélaginu og fengið þjónustu við hæfi án tillits til kyns, kynhneigðar, uppruna, efnahags eða félagslegrar stöðu. Fagna skuli margbreytileika mannlífsins og útrýma staðalmyndum um minnihlutahópa sem eru skaðlegar fyrir okkur öll. Efla skuli mannréttindastarf í borginni, endurskoða mannréttindastefnuna og samþætta skuli hana allri starfsemi borgarinnar. Halda skuli áfram að byggja upp og efla þjónustu borgarinnar við innflytjendur á öllum sviðum.

Barátta fyrir jafnrétti kynjanna hefur alla tíð verið mjög mikilvæg fyrir Vinstrihreyfinguna grænt framboð. Í stefnuskrá VG er meðal annars lögð áhersla á að efla þurfi kynjafærni í leik- og grunnskólum og að uppræta þurfi skaðleg áhrif klámvæðingar og staðalmynda á börn og unglíngja, bæði stelpur og stráka. Reykjavíkurborg eigi ekki að líða ofbeldi. Kynbundið ofbeldi sé samfélagsleg meinsemd sem verði að útrýma með markvissum aðgerðum í samstarfi við lögreglu, heilbrigðis- og menntakerfi. Í vor lagði Sóley Tómasdóttir fram tillögu í borgarstjórn um að borgin leitaði samstarfs við lögreglu, grasrótur og félagasamtök um að grípa til samræmdra aðgerða til að útrýma heimilisofbeldi, líkt og gert hefur verið á Suðurnesjum með göðum árangri.

Þá skuli kynbundum launum hjá Reykjavíkurborg útrýmt, bæði með beinum breytingum á launum en ekki síður með styttri vinnuviku og öðrum aðgerðum til að jafna álag á heimilum. Þær Sóley og Líf voru spurðar hvort það samræmdist áðurgreindri stefnu um jafnrétti kynjanna að konur væru í þremur efstu sætum listans, karlmann er fyrst að finna í 4. sætinu.

„Þessi ákvörðun byggir á fjórum grunnstöðum, ein þeirra er kvenfrelsi og að stuðla að jafnrétti kynjanna í samfélaginu. Það vantar konur í stjórnarmál svo við lítum ekki á það sem sérstakt markmið að fjölga körlum í borgarstjórn Reykjavíkur. Hins vegar er það mjög mikilvægt að fjölga konum í borgarstjórn. Þess vegna erum við í VG með þá reglu hjá okkur að efla hlutfall kvenna í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Jafnréttisbaráttan hefur aldrei gengið út á það að skapa konum forréttindi og við vitum að mjög margir karlar eru okkur konum innilega sammála um þessa stefnu. Á þeim fundi sem framboðslistinn var samþykktur á var kynjahlutfall fundarmanna t.d. nánast jafnt“, segir Sóley.

„Við bendum á að annað framboð í Reykjavík er með þrjú karlmenn í þremur efstu sætum, það er mjög forneskjulegt. Með þremur konum í efstu sætum erum við að setja okkur gegn þannig gamaldags viðhorfum, erum í nútímanum. Lokatakmarkið er

að við séum ekki að kjósa karla eða konur, heldur bara fólk. Það gerist þegar jafnréttismarkmiðinu er náð.“

„Það munaði aðeins einu atkvæði á mér og Líf þegar kosid var um 1. sætið og þar með ættum við að eiga erfitt með að starfa saman, væri jafnvel ómögulegt, en það er það alls ekki. Konur eru alls ekki konum verstar. Framboðið sýnir einmitt hvað er til mikið af mýtum sem eiga alls ekki við rök að styðjast“, segir Sóley.

Viðfangsefni beggja kynja

Þær stöllu segjast vera í pólitík af því að þær vilji hafa áhrif og þær segja stefnuskrá VG alls ekki verða meira og minna mót-aða af óskum kvenna. Auðvitað séu áherslurnar oft aðrar þar sem konur koma að en það auki bara fjölbreytnina í nálgun á ýmsum málaflokkum sem borgarstjórn þurfi að fjalla um. Stefnuskráin höfði því svo sannarlega til beggja kynja og allra aldurshópa. Börn og skólakerfið eru sem dæmi viðfangsefni bæði karla og kvenna.

- Líf var spurð hvort hennar pólitíski áhugi hafa verið til staðar lengi og hvort hann hafi alltaf verið á þessum nótum.

„Ég hef alltaf verið pólitísk svo lengi sem ég man og mig langar til að láta mína rödd heyrast enn frekar. Ég hef verið skráð í Vinstri græna síðan árið 2004. Ég er fædd og uppalin í Vesturbænum, gekk þessa hefðbundnu menntaleið, fyrst í Melaskóla, síðan í Hagaskóla en síðan fyllt ég til Danmerkur þegar til stóð að ég færi í menntaskóla og þar bjó ég í 6 ár og gekk þar einnig í skóla. Svo er ég mikill KR-ingur, og það eykst bara eftir því sem börnin mín eru lengur í fótbolta hjá þessu fina íþróttafélagi. KR, sem og öll íþróttafélög í Reykjavík eru að vinna frábært starf og aðdáunarvert hversu margir eru tilbúnir til að vinna þar sjálfbóðaliðastarf“, segir Líf Magneudóttir.

Málefni barna í forgangi

- Hvaða mál setjið þið helst á oddinn í þessari kosningabaráttu, hver eru ykkar helstu stefnumál?

„Málefni barna hafa alltaf verið okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ofarlega í huga. Við viljum efla grunnþjónustuna við börn á leikskólum og grunnskólum en þessi þjónusta í leikskólum kostar í dag mikla peninga fyrir barnafjölskyldur og þetta er þungur baggi á fjölskyldum sem eru á venjulegum meðallaunum. Við þurfum að gera bæði: Gera þessa þjónustu gjaldfrjálsa og efla starfið og vinda ofan af niðurskurði síðustu ára.“

„Svo þarf að auka framboð á leiguhúsnæði í borginni, en margt ungt fólk sem er að hefja búskap hefur kannski ekki svo mikla peninga milli handanna og það er alls ekki sjálfgefið að allir eigi í dag þak yfir höfuðið. Því er afar brýnt af efla leigumarkaðinn til muna. Það er okkar stefna að alltaf þurfi að vera framboð á leiguhúsnæði fyrir þá sem vilja ekki kaupa fasteign, kæra sig ekki um það, og vilja frekar leigja. Við höfum líka bent á verulega vaxandi þörf fyrir félagslegt húsnæði. Það er til skammar fyrir Reykjavíkurborg



Sóley Tómasdóttir gefur gestum og gangandi heita súpu við fjallsrætur Esju um síðustu helgi.

að það sé knýjandi þörf fyrir allt að 800 félagslegar íbúðir.

„Við viljum líka efla verulega þjónustu við fatlaða sem nú er kominn á hendur sveitarfélaganna og hún þarf að vera bæði meiri og markvissari. Þessi flutningur málefna fatlaðra þarf að vera á sanngirnismótum, og við verðum að endurskoða tekuskiptinguna eftir þá reynslu sem við höfum öðlast frá flutningnum.“ segja þær Sóley og Líf.

- Eruð þið í Vinstri grænum sátst við hvernig rekstri grunnskóla Reykjavíkurborgar er háttað í dag?

„Það er stundum verið að búa til einhverja óánægju hvað varðar rekstur grunnskólanna, ekki síst nú í kosningabaráttunni. Í grunnskólunum er mikið af afar góðu og hæfu fagfólki sem er að vinna frábært starf undir miklu álagi fyrir lág laun. Við verðum að treysta þessu fagfólki í leik- og grunnskólunum til að þróa þessa góðu stefnu áfram, sýna sveigjanleika en þá verðum við líka að bæta kjör þeirra, en launin eru sannarlega lág.“

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar í stjórn borgarinnar hefur farið gegn þessu fagfólki á ýmsa vegu, m.a. með kennslumati og því miður hefur meirihlutinn alls ekki borið tilhlýðilega virðingu fyrir starfi þessa fólks. Því hefur skapast tortryggni milli stjórnvalda, fagfólks og foreldra í skólunum.

„Okkar markmið í Vinstri grænum er að standa með þessum skólum sem og frístundaheimilunum og auka samstarfið meðan aðrir flokkar hafa verið að taka um einkavæðingu og aukið sjálfstæði án þess að fyllilega ljóst sé hvað við er átt. Með auknu trausti á starfi skólanna kemur sjálfkrafa aukið sjálfstæði sem er bæði í þágu þeirra sem þar kenna sem og barnanna. Við erum ekki að tala um aukið sjálfstæði án yfirsýnar borgaryfirvalda. Stundum er talað eins og skólarnir séu verksmiðjur, sem framleiða læs og skrifandi börn, en þeir eru svo miklu meira en það. Skólastarf er ekki verksmiðju- eða fyrirtækjarekstur.“

Fellahverfið í Breiðholti

- Eru einhver mál eða málaflokkar sem þið viljið að verði breytingar á í Breiðholti í þágu íbúanna?

„Það verður að taka Fellagarða í gegn, fegra umhverfið og byggja

upp góða þjónustu fyrir nærumhverfið. Annars eru stefnumál okkar Vinstri grænna í þágu allra borgarþúa og allra hverfa.“

Flugvöllurinn verður ekki Vatnsmýrinni um ókomna tíð

- Lengst af þessu kjörtímabili sem senn er á enda hefur verið erfitt að fá byggingalóðir meðan nágrannasveitarfélögin eru flest hver að standa sig þar mun betur. Þar er ekki síst bent á Kópavogsbæ þar sem lóðaframboð er meira og meira er byggt. Hvernig viljið þið koma til móts við þá sem vilja byggja í Reykjavík?

„Borgaryfirvöld hafa sameinast um að bjóða út lóðir og ekki síst er verið að þetta byggð í Vesturbænum og Miðborginni þar sem stefnt er að því að bjóða út lóðir fyrir um 800 íbúðir. Það eru nú að koma á markaðinn margir áhugaverðir kostir. Vatnsmýrin hefur lengst af verið til umræðu og nú vilja fulltrúar Framsóknar og Dögunar hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni um ókomna tíð, en við viljum að flugvöllurinn flytjist úr Vatnsmýrinni eins og gert er ráð fyrir í samkomulagi borgarinnar og ríkisins. Þannig nálgumst við eitt helsta markmið okkar að draga úr gróðurhúsaáhrifunum og stuðla að umhverfisvænni byggð í borginni. En flugvöllurinn fer vitaskuld ekkert fyrir en bíð er að finna hvert hann á að fara, og það þarf að finna út sem fyrst. Kjósundur eiga rétt á að vita það.“

Við þurfum að vinna að því fyrir komandi kynslóðir að þær geti andað að sér hreinu lofti. Draga þarf úr vaxandi jarðeldsneytanotkun, draga m.a. út notkun bifreiða í miðborg Reykjavíkur en í heildina er þetta mál sem öll sveitarfélög landsins þurfa að hugsa um. Vinstri græn er stjórn-málaflokkur sem hefur alltaf verið á undan öðrum hvað varðar umhverfismál og við viljum að Reykjavíkurborg gangi fyrir öðrum í umhverfismálum. Reykjavíkurborg á að verða plastpokafrítt svæði og það er mjög brýnt að borgin móti sér stefnu um hvernig hún hyggst bregðast við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Borgin þarf einnig að vinna með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að stofnun vatnsverndarráðs og borgin verður að gera betur til að auðvelda borgurum að endurvinna.“



Sóley Tómasdóttir.



Líf Magneudóttir.

- Umræða um sameining sveitarfélögin hefur ekki farið hátt um skeið, en þeim mun meira rædd á landsbyggðinni. Er orðið tímabært að ræða að nýju kosti og galla sameiningar sveitarfélöga á höfuðborgarsvæðinu?

Þær Sóley og Líf segja að sveitarfélögin hafi nú þegar umtalsvert samráð. „Sveitarfélögin hafa nú náð þeirri stærð að sameining nær takmarkað til hagræðingar og þjónustan hefur víðast náð þeirri stærð og þjónustugetu að það verði ekki bætt til neinna muna.“

„Það væri kannski heppilegra að efla starfsemi Samtaka sveitarfélöga á höfuðborgarsvæðinu og leysa gegnum þau samtök ýmis samskiptavandamál sem mörg hver eru ekki stór í sniðum. Það er nú þegar í gildi svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið, en það eru fjölmörg mál sem við þurfum að vinna sameiginlega, meðal annars í umhverfismálum. Stofnun vatnsverndarráðs höfuðborgarsvæðisins er gott dæmi um slíkt samráð.“

- Eruð þið bjartsýnar á gengi Vinstri grænna í borgarstjórnarkosningunum?

„Við erum það, já. Við finnum fyrir miklum meðbyr. Fólk er mjög ánægt með að heyra að eigi að auka þjónustuna við það og breyta að nokkru í umhverfinu ef við í Vinstri hreyfingunni, grænu framboði komumst til áhrifa“, segja þær Sóley Tómasdóttir og Líf Magneudóttir.



2014
BREIÐHOLT



HEITI POTTURINN

Hvað vilt þú gera fyrir hverfið þitt?



Styrkur til skapandi verkefna
fyrir ungt fólk á aldrinum
16-25 ára í Breiðholti

Umsóknarfrestur til 31.maí

Nánari upplýsingar á:
www.hitthusid.is





Arnhildur Leifsdóttir og Karen Erla Sverrisdóttir sem eru eigendur Snyrti- og fótaaðgerðarstofunnar Fixa.

Fixa snyrti- og fóta- aðgerðarstofa opnar í Mjóddinni

Fixa snyrti- og fótaaðgerðarstofa hefur verið opnuð í Mjóddinni í Breiðholti. Það eru þær Arnhildur Leifsdóttir og Karen Erla Sverrisdóttir sem eru eigendur stofunnar sem ber nafnið Fixa.

Karen Erla útskrifaðist sem snyrtifræðingur frá Snyrtiakademíunni í nóvember 2011 og sem fótaaðgerðarfræðingur frá Fótaaðgerðaskóla Íslands í maí 2013. Arnhildur útskrifaðist sem fótaaðgerðarfræðingur frá Fótaaðgerðaskóla Íslands í nóvember 2010 og sem snyrtifræðingur frá Snyrtiakademíunni í nóvember 2012. Einnig hefur hún lokið námi sem nagla- og förðunarfræðingur.

Fixa snyrti- og fótaaðgerðarstofan býður viðskiptavinum sínum faglega þjónustu í meðferðum og ráðgjöf. Við bjóðum allar helstu snyrtimeðferðir sem notaðar eru í dag. Einnig bjóðum við upp á gelneglur hjá naglafræðingi og förðun hjá förðunarfræðingi ásamt fótaaðgerðum.

Bjóðum 20% afslátt til 15. júní

Í tilefni opunar stofunnar bjóðum við upp á 20% afslátt af öllum meðferðum til 15. júní gegn framvísun miðans. Nú er um að gera að nýta sér tækifærið fyrir sumarið og fá sér gelneglur á hendur eða tær, hand- eða fót-

snyrtingu, litun og plokkun, vax eða að láta smá dekur eftir sér með andlitsmeðferð eða slökunarnuddi. Tímáttanir í síma 849-9620 og Fixa er staðsett í

Parabakka 3 í Mjóddinni og gegnið inn hjá Curves líkamsæktarstöð. Svo er hægt er að finna Fixu á facebook = Fixa snyrti- og fótaaðgerðarstofa

Hvað er fótaaðgerð?

Von er að spurt sé. Fótaaðgerð er fyrir alla, bæði konur og karla. Mikilvægt er fyrir þá sem eru með sykursýki, gigtarsjúkdóma, hjarta- og æðasjúkdóma eða skert blóðflæði að leita reglulega til fótaaðgerðarfræðinga. Almenn fótaaðgerð felur í sér greiningu fótameina bæði í húð og nögglum, svo sem naglasvepp, psoriasis og exem auk annarra sjúkdóma sem geta verið í fótum. Við bjóðum upp á fótaaðgerðir, fótanudd og faglega ráðgjöf. Fjarlægjum sigg og líkþorn, neglur eru klipptar, hreinsaðar og slípaðar eða þynntar eftir þörfum, ráðleggingar og meðferðir á vörtum og spangar meðferðir fyrir inn- og niðurgrónar neglur. Eins bjóðum við upp á siliconhlífar þegar um er að ræða skekkjur í tám og veitum góð ráð um innlegg og skó sem henta hverjum og einum. Tveir löggiltir fótaaðgerðarfræðingar starfa á Fixu snyrti- og fótaaðgerðarstofu.

Stígvélabúðin Nokian Footwear opnar í Mjóddinni

“Skóbúnaður sem hentar íslenskri veðráttu,” segir Jóhannes Ingimundarson í Gleraugnabúðinni og eigandi Nokian Footwear.

Það er ánægjuefni þegar ný fyrirtæki skjóta upp kollinum í þjóðfélaginu og merki um bata í efnahagslífinu, eftir róstarsama tíma. Breiðholtsbúar hafa ekki farið varhluta af þessari ánægjulegu þróun og þeir sem lagt hafa leið sína í Mjóddina hafa eflaust tekið eftir nýstárlegri verslun sem staðsett er í göngugötunni. Við hlið Gleraugnabúðarinnar hefur opnað verslunin Stígvélabúðin Nokian Footwear.

Verslunin selur einungis merki frá þessum heimsþekktu finnska framleiðanda. Allir sem komnir eru til vits og ára þekkja gömlu góðu Nokian stígvélin, þessi svörtu með endurskininu. Nokian fyrirtækið hefur blásið til sóknar og framleitt skemmtilega línu af skóbúnaði ýmis konar, úr náttúrugúmmú, sem vakið hefur heimsathygli. Jóhannes Ingimundarson, sem einnig rekur Gleraugnabúðina í Mjódd er eigandi Stígvélabúðarinnar. “Það er ánægjuefni að geta boðið upp á þessa skemmtilegu vöru.” Segir Jóhannes og bætir við. “Nokian fyrirtækið hefur fengið heimsfrægan fatahönnuð, Juliu Lundsten til liðs við sig og saman hafa þau hannað fallega skólínu fyrir börn og fulloröna, ásamt því að bjóða upp á gömlu góðu stígvélin í öllum regnbogans litum. Við leggjum áherslu á að eiga til öll númer og liti. Ég er sjálfur faðir tveggja ungra drengja og mér hefur fundist vera vöntun á svona verslun sem býður upp á breiða vörulínu fyrir börnin. Börn eru vandlát og vilja fá sína liti í stígvélum sem og í klæðnaði almennt. Svo er bara svo gaman að vera með sérverslun með



Jóhannes Ingimundarson í Gleraugna- og stígvélabúðinni sýnir viðskiptavini stígvél fyrir stóra og litla fætur.

gæðavöru, sem þessa og foreldrararnir geta líka fundið sér fallegan skóbúnað sem hentar íslenskri veðráttu og enginn þarf að vera blautur í fæturna lengur.” Segir þessi geðþekki kaupmaður sem

svo sannarlega hefur haslað sér völl í Breiðholti.

Breiðholtsblaðið óskar Jóhannesi til hamingju með nýju búðina og hvetjum lesendur til að líta við í Stígvélabúðinni.

Sjöundu bekkir Breiðholts- skóla tóku þátt í verkefninu Reyklaus bekkur á vegum Lýð- heilsustöðvar í vetur.

Fyrir páska voru fimm bekkjardeildir, af öllum þeim er tóku þátt á landinu, dregnar út og fengu viðurkenningu. Einn af hinum heppnu bekkjum var 7. RM og hlaut hver nemandi úttekt í Skífunni að upphæð 2.500 kr. Allir 7. og 8. bekkir á landinu geta tekið þátt ef enginn nemandi í bekknum notar tóbak



Sjöundi RM heppinn

Nýjar sumarvörur

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

BREIÐHOLTSHLAUP

Hið árlega
Breiðholtshlaup Leiknis
verður haldið laugardaginn
31. maí kl. 11:00

Hlaupið verður frá Leiknishúsinu,
Austurbergi 1, um Elliðaárdal og Efra-
Breiðholt.

- Skemmtiskokk
- 5 km
- 10 km

Tökum daginn frá!

Við hvetjum foreldra til að mæta með börnum sínum og taka þátt.

Þátttökugjald: Fullorðnir 1.000 kr. og börn 500 kr. Fjölskyldugjald 2.000 kr.

Nánari upplýsingar á www.leiknir.com



Stolt Breiðholts

Nýjung í ballett og nútímadansi fyrir stráka

Klassíski listdanskólinn býður nú upp á sumarnámskeið í ballett og nútímadansi fyrir stráka. Á námskeiðinu er farin kraftmikil og skemmtileg leið fyrir stráka inn í ballettheiminn. Þessi leið er tilvalin til þess að bæta jafnvægi, samhæfingu og líkamsstöðu. Það eru River Carmalt deildarstjóri nútíma listdansbrautar við skólann og Ernesto Camilo Valdesl sem kennir á sömu braut sem annast námskeiðin. Innritun á námskeiðin stendur nú yfir.

Þeir River og Ernesto Camilo segja að þarna sé komið gott tækifæri fyrir stráka til þess að njóta skapandi kennsluáferða og aðstoðar kennara í heimsklassa. Þeir einstaklingsmiða kennsluna. Vinna út frá hagsmunum hvers og eins nemanda og kanna færni þeirra og hreyfingar sem eiga að geta veitt þeim ævintýralega reynslu í dansi. Á námskeiðina stuðst er við nútímatækni sem ætluð er karlmönnum og lögð er áhersla á að þróa alhliða sveigjanleika, vöðva og styrk auk þess að þjálfa næmi fyrir tónlist. Ekki er einblínt á einn ákveðinn stíl í dansinum heldur verið farið með frjálsegum hætti á milli stílbrigða og þar mun gæta áhrifa frá Cunningham og Limon svo nokkuð sé nefnt auk þess að byggja á svonefndri „release“ tækni.



Ernesto Camilo kennari og River Carmalt Valdesl deildarstjóri nútíma listdansbrautar hjá Klassíska listdanskólanum.



Grillilmurinn kominn í Garðheima

Þeir sem komu í Garðheima föstudaginn 9. maí og laugardaginn 10. maí komust ekki hjá því að finna fyrir grillilmi í lofti og góðri stemmingu, en Garðheimar stóðu fyrir kynningu á grillum á Grilldögum sem haldnir voru þá helgi.

Garðheimar hafa aukið hjá sér úrvalið af grillum. Grillin sem Garðheimar bjóða nú upp á eru „Outdoorchef“ kúlugasgrill sem hægt er að skipta á beinni og óbeinni grillun á einfaldan hátt,

„Rösle“ gæða þýsk kolagrill úr sterku stáli – fyrir gourmet kokka, „Big Green Egg“ sem er einstakur kolaofn – steikhúsagæði á matnum og svo að sjálfsögðu „Weber“ grillin sem allir þekkja. Öll þessi grill eru úrvalsgrill og kynningin fór þannig fram að fólk fékk að smakka á kjúklingakjöti grilluðu á staðnum og gat því borið saman gæði auk þess sem grill-sérfræðingarnir svöruðu spurningum og kynntu mismunandi eiginleika grillanna.

www.breiðholt.is

Ballett og nútímadans fyrir drengi

Kraftmikil og skemmtileg leið inn í balletheiminn

KENNAARAR: River Carmalt Deildarstjóri nútímabrautar í klassíska Listdanskólanum
Camilo Aldazabal Kennari við klassíska Listdanskólan



SKRÁNING Á

WWW.BALLET.IS

KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

Af biðlistanum og Breiðholtsbúanum í framboði

Breiðholtsbúanum sem nú er í framboði til borgarstjórnar – og er jafnframt formaður hverfisráðs Breiðholts og velferðarráðs Reykjavíkurborgar brá heldur betur í brún í aprilmánuði. Þá var sagt frá því í fréttum að biðtími fyrir börn sem þyrftu á greiningu og sérfræðipjónustu í skóla að halda, væri þrjú mánuðir í Vesturbæ en allt að því sex sinnum lengri í Breiðholti. Hér var greinilega eitthvað á ferðinni sem þurfti skoðunar við. En bjöllur hringdu í hausnum sem spurðu „Hey, hey, var þetta ekki eitthvað sem var búið að skoða?“

var að setja málið í uppbyggilegan farveg sem jafnframt á að leiða til úrbóta. En þetta mál sýndi vel hversu mikilvægt það er að hafa í borgarstjórn fulltrúa úr öllum hverf-



Björk Vilhelmsdóttir.

um. Þó við borgarfulltrúar séum svo sannarlega fulltrúar allrar borgarinnar og þekkjum flest vel til í borginni allri – þá slær hjarta okkar yfirleitt hraðar þegar fréttir berast úr heimahverfi. Ég vona því að Breiðhyllingar veiti mér og mínu fólki, ekki síst borgarstjóraefni okkar Degi B. Eggertssyni, atkvæði ykkar 31. maí.

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi og formaður hverfisráðs Breiðholts.

Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að Velferðarsvið setti af stað starfshóp í mars 2013 sem hafði m.a. það hlutverk að endurskoða verk- og vinnulag í sérfræðipjónustu skóla sem veitt er af þjónustumiðstöðvum. Starfshópurinn átti að koma með tillögur sem:

* Fælu í sér samræmt vinnulag á milli þjónustumiðstöðva og tryggðu jafnræði í þjónustu við börn í Reykjavík.

* Stuðli með markvissum hætti að bættri þjónustu og gætu þar með dregið úr fjölda á biðlista.

* Styrki forvarnarstarf.

* Séu í samræmi við áherslur reglugerðar um sérfræðipjónustu skóla og stefnu Skóla- og frístundasviðs.

Þetta eru góðu fréttirnar. Það verra var að starfshópurinn er ekki búinn að skila af sér, enda verkefnið vandasamt og margslungið. Velferðarráð brást því við 30. apríl síðastliðinn og óskaði eftir því við Velferðarsvið að vinnu starfshópsins yrði flýtt. Einnig samþykkti velferðarráð að gerð yrði úttekt af óháðum aðila á sérfræðipjónustu við börn þar sem m.a. væri skoðað verklag þjónustumiðstöðva í sérfræðipjónustu við börn og verk- og kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga. Í framhaldi af störfum starfshópsins og úttektarinnar verði síðan lagðar fram tillögur til úrbóta.

Rétt er að taka fram að í upplýsingum frá Velferðarsviði komu fram nokkrar skýringar á þessum mikla mismun á biðtíma. Það getur skýrst af mismiklu álagi eftir hverfum og mismunandi verklagi og áherslum. Til dæmis getur skilgreining á biðtíma verið mismunandi og jafnvel skilgreining og skráning mála. Þá hefur íbúafjöldi í hverfum, samsetning íbúahópsins, þjónustubörf og fjöldi sérfræðinga áhrif. Á fundi velferðarráðs komu upplýsingar frá þjónustumiðstöðvum þess efnis að málum væri alltaf forgangsraðað og bráðamál væru ekki látin bíða. Þá er alltaf mikið unnið með börnunum úti í skólunum, þó að beðið sé greiningar.

Breiðholtsbúanum í framboði leið aðeins betur þegar hægt

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Breiðholtsblaðið Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298



Sumarnámskeið ÍR

Nánari upplýsingar, skráning og greiðsla á www.ir.is og síma 587-7080

Íþrótt- og leikjanámskeið ÍR (f.2005-2008)

Vikunámskeið frá kl. 8:00-17:00 á ÍR-svæðinu

Námskeið	Gjald
1. Námskeið 10.-13. júní	7.500 kr.
2. Námskeið 16.-20. júní	7.500 kr.
3. Námskeið 23.-27. júní	9.000 kr.
4. Námskeið 30. júní - 4. júlí	9.000 kr.
5. Námskeið 7.-11. júlí	9.000 kr.
6. Námskeið 14.-18. júlí	9.000 kr.
7. Námskeið 21.-25. júlí	9.000 kr.
8. Námskeið 28. júlí - 1. ágúst	9.000 kr.

Fjörkálfar, fjölbreytt íþróttanámskeið (f.2005-2008)

Vikunámskeið fyrir hádegi á ÍR-svæðinu

Námskeið	Gjald
1. Námskeið 10.-13. júní	6.000 kr.
2. Námskeið 16.-20. júní	6.000 kr.
3. Námskeið 23.-27. júní	6.000 kr.
4. Námskeið 30. júní - 4. júlí	6.000 kr.
5. Námskeið 7.-11. júlí	6.000 kr.
6. Námskeið 14.-18. júlí	6.000 kr.

Handboltaskóli (f.1997-2004)

Tveggja vikna handboltanámskeið í Íþróttahúsinu við Austurberg

Námskeið	Gjald
1. Námskeið 10.-24. júní	14.500 kr.
2. Námskeið 5.-18. ágúst	14.500 kr.

Körfuboltanámskeið (f.2003-2008)

Vikunámskeið fyrir hádegi í Íþróttahúsi Seljaskóla

Námskeið	Gjald
1. Námskeið 10.-13. júní	7.000 kr.
2. Námskeið 16.-20. júní	7.000 kr.
3. Námskeið 23.-27. júní	7.000 kr.
4. Námskeið 30. júní - 4. júlí	7.000 kr.

Frjálsíþróttaskóli (f.2000-2004)

Vikunámskeið fyrir byrjendur og lengra koma á ÍR-svæðinu

Námskeið	Gjald
1. Námskeið 10.-13. júní	9.000 kr. Lengra komnir
2. Námskeið 16.-20. júní	9.000 kr. Lengra komnir/ 4.500 kr. Byrjendur
3. Námskeið 7.-11. júlí	9.000 kr. Lengra komnir
4. Námskeið 14.-18. júlí	9.000 kr. Lengra komnir
5. Námskeið 21.-25. júlí	9.000 kr. Lengra komnir
6. Námskeið 11.- 15. ágúst	4.500 kr. Byrjendur

Knattspyrnunámskeið (f.2001-2004)

Tveggja vikna námskeið fyrir hádegi á ÍR-svæðinu

Námskeið	Gjald
1. Námskeið 10. júní -19. júní	12.250 kr. (7 dagar)
2. Námskeið 7.-17. júlí	14.000 kr. (8 dagar)
3. Námskeið 11.-21. ágúst	14.000 kr. (8 dagar)



Hlökkum til að sjá ykkur



Á hjálparsímanum 1717 starfa sérgjafnir sjálfbærir sem eru alltaf til taks



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknisstrákar valdir í Reykjavíkúrvalið



Sævar Atli, Daníel og Beniamín voru valdir í Reykjavíkúrvalið.

Þrjú strákar úr 4. flokki Leiknis hafa verið valdir í Reykjavíkúrvalið sem leikur í keppni milli höfuðborga Norðurlandanna núna í lok maí. Leiknir mun eiga þrjá fulltrúa en það eru þeir Beniamín Hoti, Daníel Finns Matthíasson og Sævar Atli Magnússon.

Leiknismenn óska þeim innilega til hamingju með að vera valdir í verkefnið. Þessir fulltrúar, ásamt fleirum efnilegum strákum skipa 4. flokk Leiknis. Sævar Atli er framliggjandi

miðjumaður eða sóknarmaður, Daníel F. Matthíasson er vinstri vængmaður eða senter og Beniamín Hoti er vinstri bakvörður og hafsent.

15 drengir úr Reykjavík voru valdir liðið og eigum við eins og áður segir þrjá fulltrúa. Allir eru þeir hluti af Afreksstarfi Leiknis og Krónunnar. Mótið í ár fer fram í Laugardalnum og því geta fótboltaþyrstir Leiknismenn borið strákana okkar augum í mótinu.

Leiknir - Stolt Breiðholts

Yngstu börnin boðin sérstaklega velkomin

Í blíðskaparveðrinu sem hefur leikið við okkur Breiðhýltinga síðustu daga hafa skýndilega skotið upp kollinum hér og þar í hverfi 111 börn í límónugrænum peysum. Þau eru áberandi líffleg og glaðleg á leikvöllum hverfisins. Á bakinu bera þau áletrunina "Leiknir - Stolt Breiðholts".

Við sem störfum við yngri flokka Leiknis tókum okkur til, í samstarfi við Krónuna Jafnaseli og fleiri velunnara félagsins, og hrundum af stað átaki í byrjun þessa mánaðar. Átakið fólst í að kynna félagið okkar fyrir foreldrum allra barna í 1. og 2. bekk Fella- og Hólabrekkuskóla. Við fengum leikmenn í meistara-flokki félagsins til að heimsækja fjölskyldur barnanna og var þeim færð peysa að gjöf ásamt upplýsingum um starfsemi yngstu flokka-hanna hjá Leikni. Í pakkanum var einnig æfingatafla og segull með merki félagsins sem hægt er að nota til að setja æfingatöfluna á ísskápinn. Það gladdi okkur að sjá hversu vel var tekið á móti okkar mönnum og við vonumst svo sannarlega til að peysan komi að góðum notum.

Frábær staðsetning

Íþróttafélagið Leiknir býður upp á góðar aðstæður til knattspyrnuíðkunnar. Staðsetning æfingasvæðisins er frábær, mitt á milli grunnskólanna tveggja í Efra-Breiðholti og eiga börnin í hverf-



Ungir krakkar komnir í Leiknisbúninginn og eiga framtíðina fyrir sér.

inu greiðan aðgang að svæðinu. Íþróttafélagið leggur mikið upp úr því að vel sé tekið á móti öllum sem vilja æfa fótbolta og státar félagið af reynslumiklum og metnaðarfullum þjálfurum. Æfingagjöld hjá Leikni eru þau langlægstu á höfuðborgarsvæðinu og þótt víðar væri leitað ef borin eru saman æfingagjöld vegna knattspyrnuíðkunar hjá öðrum félögum. Þetta sýnir könnun sem ASÍ lét gera í febrúar síðastliðnum. Árgjaldið er á bilinu 40 - 50.000 eftir flokkum en 7. flokkur greiðir þó einungis 30.000 krónur fyrir allt árið. Það samsvarar frístundastyrk Reykjavíkurborgar. Leiknir starfrækir líka vinsælan 8. flokk fyrir stráka og stelpur en fyr-

ir þann hóp er ókeypis að æfa. Þess ber að geta að Leiknir hefur ekki hækkað æfingagjöld sl. þrjú ár en æfingagjöld voru lækkuð hjá 7. flokki um áramótin þannig að frístundastyrkurinn einn og sér nægir til greiðslu á þeim. Var það liður í því að laða til okkar fleiri iðkendur úr þeim aldurshópi.

Það er okkur sem störfum við yngri flokka félagsins kappsmál að sem flest börn í hverfinu stundi holla hreyfingu og temji sér heilbrigðan lífsstíl. Með því að bjóða alla velkomna að æfa hjá Leikni leggjum við okkar á vogarskálarnar til að byggja upp æskuna í hverfinu okkar; stolt Breiðholts.

DSJ.

Sjálfstæðisfélögin í Breiðholti

bjóða í grill, glens og grín í göngugötunni í Mjódd laugardaginn 24. maí frá kl. 12:30 til kl. 15:00.

Grillaðar pylsur, gos, Svali og Candy Floss verða á boðstólnum.

Sveppi og Góí mæta á svæðið og halda uppi fjörinu með okkur.

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins til Borgarstjórnar verða á staðnum.

xDásamlega Reykjavík
Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík

www.leiknir.com

20% afsláttur af nýjum Leiknisvörum frá Errea til mánaðarmóta!



Leiknsport

Sími 5575020

Hólagarði



Eitt kort
36 vötn
6.900 kr

www.veidikortid.is



00000

www.veidikortid.is

Efnilegir ÍR-ingar Íslandsmeistarar

Strákarnir í 9. flokki ÍR í körfuknattleik tryggður sér Íslandsmeistaratitil í sínum flokki í háspennuúrslitaleik. Strákarnir unni magnaðan sigur á Keflavík 56 til 55 þar sem úrslitin réðust með flautukörfu um leið og tíminn rann út. Eftir sveiflukenndan leik var allt í járnum í 4. leikhliða, flottar varnir spilaðar og lítið um stiga-skor.

ÍR fékk síðan vítaskot í stöð- unni 55 til 53, skora úr fyrra en brenna af síðara. ÍR náði sóknar- frákastinu og tók skot sem geig- aði en Haraldur Bjarni Davíðsson kom þá hlaupandi og tók frákast- ið og lagði boltann ofan í körf- una um leið og tíminn rann út. Frábær sigur því staðreynd og flottur endir á mögnuðu tímabili en fyrr í vetur vann 9. fl. bikar- meistaratitilinn og eru því tvö- faldir meistarar þennan vetur. ÍR-ingurinn Hákon Hjálmarsson



Efnilegir Íslandsmeistarar ÍR.

var valinn maður úrslitaleiksins en þjálfari liðsins er einn besti körfuknattleiksmaður ÍR frá upp- hafi Herbert Arnarson.

ÍR-inga höfðu betur í Breiðholtsslagnum

Þegar ÍR-ingar og Leiknis- menn mætast í knattspyrnu er alltaf hart barist. Um miðjan maí mættust meistaraflokkar karla í grannslag í 2. umferð Borgunarbikars karla.

Annarrardeildarlið ÍR-inga hafði

betur gegn 1. deildarliði Leiknis á þeirra heimavelli 3:1. ÍR-ingar eru því komnir í 32 liða úrslit í Borgunarbikarkeppninni en árið 2013 hefur markað velgengni hjá ÍR-ingum í bikarkeppninni í fjölda íþróttagreina. Frjálsíþróttalið ÍR

og Keilulið ÍR unnu bæði sínar bikarkeppnir í vetur, strákarnir í handboltanum og körfunni léki til úrslita og vonandi heldur ævin- týrið áfram hjá fótboltastrákun- um í sumar.

ÍR-ingar í Evrópukeppni

Sigursæl meistaralið ÍR-inga í frjálsíþróttum karla og kvenna taka þátt í Evrópukeppni félags- liða sem fram fer í Amsterdam 24. maí.

Lið ÍR keppa í B deild þar sem lið frá 11 þjóðum senda sín

kvennameistaralið og 12 þjóðir sín karlameistaralið. Einn kepp- andi frá hverju félagið keppir í hverri grein og stig gefin fyrir sæti í hverri grein. Kvinnalið ÍR-inga tók síðast þátt í Evrópu- keppni félagsliða í frjálsíþróttum

fyrir rúnum 20 árum en karlaliðið keppir nú í fyrsta skipti. Kepp- enda- og þjálfarahópurinn sem fer til Amsterdam í Evrópukeppnina telur 40 manns og markmið lið- anna er að komast upp í A-deild.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Góðu keppnistímabili ÍR að ljúka í keilunni



ÍR-KLS Íslandsmeistarar liða 2014.

ÍR ingar tryggðu sér alla titl- ana í karlaflokki á þessu tímabili. ÍR-KLS tryggði sér bæði Íslands- meistaratitil liða með sigri á liði KRC í úrslitunum og Bikarmeist- aratitilinn í bráðabana á móti KFR- Lærlingum í úrslitum bikarkeppn- innar. ÍR-PLS varð bæði Deildar- meistarar liða í 1. deild karla og tryggði sér Deildarbikarmeist- aratitilinn í úrslitum mótsins. Sameiginlegt lið ÍR karla skipað leikmönnum úr þessum tveimur liðum tryggði sér síðan Íslands- meistaratitilinn í Opnum flokki á Íslandsmóti félaga og sameigin- legt lið ÍR kvenna endurheimti ekki bara Íslandsmeistaratitil- inn í kvennaflokki á Íslandsmóti félaga, heldur tryggði sér einnig 3. sætið í Opna flokknum.

Kvinnaliðin ÍR-Buff og ÍR-TT biðu hins vegar lægri hlut fyrir hinum reynslumikla liði Valkyrj- um úr Keilufélagi Reykjavíkur bæði á Íslandsmóti liða og Bikar- keppni liða í kvennaflokki. ÍR-Buff varð í 2. sæti í úrslitunum í báð- um mótum, en Íslandsmeistarar síðasta árs ÍR-TT varð í 3. sæti á Íslandsmóti liða.

Ástrós og Magnús Íslands- meistarar

ÍRingar voru einnig sigursæl- ir á einstaklingsmótum vetrar- ins. Ástrós Pétursdóttir og Magn- ús Magnússon bæði úr ÍR urðu Íslandsmeistar einstaklinga í keilu 2014 og unnu sér þannig keppn- isrétt á Evrópubikarmóti einstak- linga sem haldið verður hér á landi í haust. Hafþór Harðarson ÍR var í 2. sæti og Guðný Gunnarsdóttir ÍR varð í 3. sæti. Andrea Björk Sigrún- ardóttir ÍR var Íslandsmeistari ein- staklinga í keilu með forgjöf 2014, Hrafn Sabir Khan ÍR var í 2. sæti og Laufey Sigurðardóttir ÍR var í 3. sæti. Linda Hrönn Magnúsdótt- ir var Íslandsmeistari einstaklinga

50 ára og eldri 2014. ÍR-ingarnir Guðný Gunnarsdóttir og Magn- ús Magnússon unnu sigur á AMF mótaröðinni og áunnu sér með því keppnisrétt á heimsbikarmóti ein- staklinga Qubica AMF sem haldið verður í borginni Wrocław í Pól- landi í nóvember.

Góður árangur náðist einnig hjá ÍRingum í unglíngamótum vetrar- ins. Unglingalið ÍR-1 tryggði sér Íslandsmeistaratitil unglíngaliða 2014 með sigri á deildarmeisturum ÍA í úrslitum mótsins og ÍR-2 varð í 3. sæti mótsins.

Katrín Fjöla og Guðmundur Ingi

ÍRingarnir Katrín Fjöla Braga- dóttir og Guðmundur Ingi Jónsson ÍR tryggðu sér Íslandsmeistaratitla unglíng- a í Opnum flokki 2014. Hlynur Örn Ómarsson ÍR varð í 2. sæti Benedikt Svavar Björnsson ÍR varð í 3. sæti. Katrín Fjöla var ein- nig Íslandsmeistari í 1. flokki stúlkn- na, Gabriella Oddrún Oddsdóttir ÍR var í 2. sæti í 2. flokki stúlkn- a og Elva Ósk Hannesdóttir ÍR var Íslandsmeistari í 4. flokki stúlkn- a. Benedikt Svavar Björnsson ÍR var Íslandsmeistari í 1. flokki pílta, Guðmundur Ingi Jónsson ÍR varð í 2. sæti og Hlynur Örn Ómarsson ÍR varð í 3. sæti. Þorsteinn Hanning Kristinnsson var Íslandsmeistari í 2. flokki pílta. Erlingur Sigvaldason ÍR var í 3. sæti í 3. flokki pílta, Lárus B. Halldórsson varð Íslandsmeistari í 4. flokki pílta og Arnar Steinn Haf- steinsson ÍR varð í 2. sæti.

ÍRingar sem tryggðu sér Meist- araratitla ungmenna á árinu 2014 eru Andri Þór Göthe ÍR í 1. flokki, Katrín Fjöla Bragadóttir ÍR og Hlyn- ur Örn Ómarsson ÍR í 2. flokki og Elva Rós Hannesdóttir ÍR og Hinrik Óli Gunnarsson ÍR í 4. flokki.

Sjá nánar í fréttum á <http://www.ir.is/Deildir/Keila/Frettir/>


20% afsláttur af nýjum ÍR - Jako vörum til mánaðarmóta!



Leiksport
Sími 5575020 Hólagarði



GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109



XS

REYKJAVÍK

HÆKKUM FRÍSTUNDASTYRKINN Í 50.000
2.500 - 3.000 NÝJAR LEIGUÍBÚÐIR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ INN Á XSREYKJAVIK.IS